



**Háskólinn  
á Akureyri**  
University  
of Akureyri

## „Það er mikil brotalöm varðandi börn flóttafólks“

Upplifun starfsfólks leikskóla af undirbúningi fyrir komu  
barna flóttamanna og reynsla af aðlögun þeirra

Júlía Ósk Bjarnadóttir

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
2024



# „Það er mikil brotalöm varðandi börn flóttafólks“

Upplifun starfsfólks leikskóla af undirbúningi fyrir komu barna flóttamanna og reynsla af aðlögun þeirra

Júlía Ósk Bjarnadóttir

30 eininga lokaverkefni sem er hluti af  
Magister Educationis - prófi í menntavísindum

Leiðsögukennari  
Dr. Hermína Gunnþórsdóttir

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, maí 2024

Titill: „Það er mikil brotalöm varðandi börn flóttafólks“ Upplifun starfsfólks leikskóla af undirbúningi fyrir komu barna flóttamanna og reynsla af aðlögun þeirra  
Stuttur titill: Upplifun starfsfólks leikskóla af undirbúningi fyrir komu barna flóttamanna og reynsla af aðlögun þeirra  
30 eininga meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Educationis - prófi í menntavísindum.

Höfundarréttur © 2024 Júlía Ósk Bjarnadóttir  
Öll réttindi áskilin

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Sólborg, Norðurslóð 2  
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:  
Júlía Ósk Bjarnadóttir, 2024, meistaraþrófsverkefni, kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 81 bls.

Akureyri, maí, 2024

# Ágrip

Í þessu meistaraprófsverkefni er reynt að varpa ljósi á aðstöðu barna flóttamanna í íslensku leikskólakerfi. Þau koma með fjölskyldum sínum til Íslands, sum frá stríðshrjáðum löndum í leit að vernd.

Íslenskar rannsóknir hafa sýnt fram á að skortur sé á stuðningi við skóla landsins, meðal annars frá skólaþjónustu sveitarfélaga og enn sé lögð sterk áhersla á klínískar aðgerðir í garð nemenda sem þurfa viðbótarstuðning í námi. Í niðurstöðum rannsókna er bent á mikilvægi þess að veita ráðgjöf og stuðning við kennara og starfsemi skóla. Rannsóknir hafa að sama skapi sýnt fram á að það skipti höfuðmáli í fjölmennningarlegu samfélagi að hafa markvissa stefnu sem skilar skilvirkari aðgerðum innan skóla. Jafnframt þarf að gera betur gagnvart börnum flóttamanna í okkar nútímasamfélagi og veita þeim aukinn stuðning og hlúa að alhliða þörfum þeirra fyrstu mánuðina í íslenskum leikskólum.

Markmið rannsóknarinnar var annars vegar að fá innsýn inn í hvernig undirbúningi og samstarfi skólaþjónustunnar við móttökuskóla hafði verið háttað og hins vegar að fá innsýn inn í upplifun starfsfólks skóla sem hafði tekið á móti börnum flóttamanna inn í leikskólasamfélagið. Eigindleg rannsóknaraðferð varð fyrir valinu og tekin voru tvö rýnihópaviðtöl, annars vegar við starfsmenn leikskóla og hins vegar starfsfólk skólaþjónustu í einu sveitarfélagi á Íslandi.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að undirbúningi fyrir komu barna flóttamanna í einu sveitarfélagi á Íslandi hafi verið ábótavant. Það kom

meðal annars fram að samstarf milli skólaþjónustunnar og leikskólastarfsmanna hafði verið takmarkað og jafnvel ekkert fyrir komu barna flóttamanna. Leikskólastarfsmenn upplifðu töluvert mikið viðbótarálag á meðan aðlögunin átti sér stað og fyrstu mánuðina eftir á og sömuleiðis skort á stuðningi frá skólaþjónustunni í daglegu leikskólastarfi.

# Abstract

In this master's thesis, an attempt is made to shed light on the situation of refugee children in the Icelandic preschool system. They come with their families to Iceland, some of them from war-torn countries in search of protection.

Icelandic studies have shown that there is a lack of support for the country's schools, for example from municipal school services and there is still a strong emphasis on clinical measures for students who need additional support in the school system. Research has pointed out the importance of providing advice and support to teachers and school activities. Studies have also shown that it is of the utmost importance in a multicultural society to have a targeted policy that results in more effective actions within schools. At the same time, we need to do better towards the children of refugees in our modern society and provide them with increased support and care for their comprehensive needs for the first months in Icelandic preschools.

The aim of this research was to get an insight into how the preparation and cooperation of the school service has been conducted and served the reception schools. Also to get an insight into the experiences of preschool staff who have welcomed refugee children into the preschool community. A qualitative research method was chosen and two focus group interviews were conducted, one with preschool staff and the other with school service staff in one of the municipalities in Iceland.

The results of the study indicate that preparations for the arrival of refugee children in one municipality in Iceland is insufficient. Among other things, it was stated that cooperation between the school services and preschool staff had been limited and even non-existent before the arrival of refugee children. Preschool staff experienced a considerable amount of additional stress during the adaptation and the first months afterwards, as well as a lack of support from the school service in daily preschool activities.



*Ég tileinka ömmu minni, Jóhönnu Guðrúnu Kristjánsdóttur þetta verkefni, hún er mín helsta fyrirmynd í lífi og starfi. Amma mín er ástæðan fyrir af hverju ég valdi minn starfsferil og hefur hún stutt hvað helst við bakið á mér alla skólagönguna. Ég verð henni ævinlega þakklát fyrir þann tíma sem hún hefur lagt í að móta mig sem einstakling og fagaðila. Takk amma mín!*

# Formáli

Þessi ritgerð er 30 eininga (ECTS) lokaverkefni til fullnustu M.Ed.-prófs í menntavísindum við Háskólann á Akureyri, með áherslu á leikskólastig.

Markmiðið rannsóknarinnar var að fá innsýn inn í reynslu og viðhorf viðmælenda um hvernig til tókst við undirbúning og síðan móttöku barna flóttamanna inn í leikskólasamfélagið í einu sveitarfélagi á Íslandi. Þessi atriði voru skoðuð með hliðsjón af hugmyndum um skóla án aðgreiningar. Verkefnið var unnið undir leiðsögn Dr. Hermínu Gunnþórsdóttur og fær hún miklar þakkir fyrir faglega og uppbyggilega leiðsögn á meðan vinnu við ritgerðina stóð.

Ömmu minni, Jóhönnu Guðrúnu Kristjánsdóttur verð ég ævinlega þakklát fyrir stuðninginn og vandaðan yfirlestur í gegnum allt námið. Eiginmaðurinn minn, Kormákur Breki og börnin okkar, Nikulás Ingi og Lena Ísold fá sérstakar þakkir fyrir alla þolinmæðina og skilninginn sem þau sýndu mér á meðan náminu stóð.

Að lokum vil ég þakka öllum átta þátttakendunum í rannsókninni, fyrir að gefa sér tíma til þess að taka þátt í henni og deila reynslu sinni og upplifun með mér.

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>SKÓLI ÁN AÐGREININGAR</b> .....	<b>3</b>
2.1	SÖGULEGT SJÓNARHORN.....	4
2.2	SKILNINGUR Á MENNTASTEFNUNNI UM SKÓLA ÁN AÐGREININGAR .....	6
2.3	SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ .....	7
2.4	VISTKERFI MENNTUNAR OG AUKIÐ SAMSTARF MILLI STOFNANA .....	9
<b>3</b>	<b>SKÓLAÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGA</b> .....	<b>12</b>
3.1	KLÍNÍSK NÁLGUN AÐ NÁMI BARNNA .....	13
3.2	SKÓLAMÍÐUÐ RÁÐGJÖF BÖRNUM Í HAG.....	14
3.3	ÁHRIFÆTTIR Á FRAMKVÆMD MENNTASTEFNUNNAR UM SKÓLA ÁN AÐGREININGAR	15
<b>4</b>	<b>FJÖLMENNING Í ÍSLENSKUM LEIKSKÓLUM</b> .....	<b>19</b>
4.1	STEFNUMÓTUN OG ÞEKING Á FJÖLMENNINGARLEGRI MENNTUN .....	20
4.2	UNDIRBÚNINGUR FYRIR KOMU BARNNA FLÓTTAMANNA .....	22
<b>5</b>	<b>OPINBER GÖGN OG LAGAUMGJÖRD</b> .....	<b>25</b>
5.1	LEIKSKÓLAR .....	25
5.2	SKÓLAÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGA .....	27
<b>6</b>	<b>AÐFERÐAFRÆÐI</b> .....	<b>29</b>
6.1	RANNSÓKNARAÐFERÐ .....	29
6.2	ÞÁTTTAKENDUR .....	29
6.3	FRAMKVÆMD .....	30
6.4	ÚRVINNSLA OG GREINING GAGNA .....	31
6.5	ÁLITAMÁL OG SIÐFERÐILEG ATRIÐI.....	32
<b>7</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>34</b>
7.1	UNDIRBÚNINGUR OG FRÆÐSLA.....	34
7.2	EÐLI LEIKSKÓLASTARFINS.....	40
	<i>Aðlögun</i> .....	40
	<i>Foreldraþátturinn</i> .....	41
	<i>Aukið álag</i> .....	44
7.3	ÁKALL LEIKSKÓLA EFTIR AUKNUM STUÐNINGI.....	46
7.4	ÓSK UM AUKIN SAMSKIPTI Á MILLI STOFNANNA.....	49
<b>8</b>	<b>UMRÆÐUR</b> .....	<b>54</b>

8.1	UNDIRBÚNINGUR FYRIR KOMU BARNNA FLÓTTAMANNA .....	55
8.2	SAMSTARF MILLI SKÓLAÞJÓNUSTUNNAR OG MÓTTÖKULEIKSKÓLA .....	58
8.3	UPPLIFUN STARFSFÓLKIS LEIKSKÓLA .....	62
<b>9</b>	<b>SAMANTEKT OG LOKAORÐ .....</b>	<b>65</b>
	<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>67</b>
	<b>VIÐAUKAR .....</b>	<b>73</b>

# 1 Inngangur

Árið 1994 var skrifað undir sameiginlega yfirlýsingu (Salamanca–yfirlýsingin) um að veita öllum börnum jöfn tækifæri til náms óháð getu og þroska og í kjölfarið varð skóli án aðgreiningar að alþjóðlegri menntastefnu allra ríkja undir formerkjum UNESCO (Menntamálaráðuneytið, 1995, bls. 8). Bakgrunnur barna er fjölbreytilegur og þar á meðal eru börn flóttamanna frá stríðshrjáðum löndum sem komið hafa með fjölskyldum sínum til Íslands í leit að vernd. Sveitarfélög skipuleggja í samstarfi við ríkið, móttöku flóttamanna og fjölskyldna þeirra og bjóða þeim búsetu víðsvegar um landið. Til að koma ungum börnum flóttamanna sem fyrst í reglu og rútinu er þeim veitt pláss í leikskólum viðkomandi sveitarfélags og hefst þar með aðlögunarferli þeirra inn í íslenskt skólakerfi í samstarfi við foreldra, móttökuskóla og skólaþjónustu sveitarfélagsins.

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvernig staðið hefur verið að undirbúningi komu barna flóttamanna í einu sveitarfélagi á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar var annars vegar að fá innsýn inn í hvernig undirbúningi og samstarfi skólaþjónustunnar við móttökuskóla hafði verið háttað og hins vegar að fá innsýn inn í upplifun starfsfólks skóla sem hafði tekið á móti börnum flóttamanna inn í leikskólasamfélagið.

Eigindleg rannsóknaraðferð varð fyrir valinu (Helga Jónsdóttir, 2021, bls. 156) og tekin voru tvö rýnihópaviðtöl í þeim tilgangi að læra af reynslu starfsfólks af því að starfa með tilteknum börnum. Rýnt var í upplifun þeirra af undirbúningi og móttöku sem og hvernig til tókst í aðlögunarferlinu. Annars

vegar var tekið viðtal við starfsfólk skólaþjónustu sveitarfélagsins, og hins vegar við starfsfólk leikskóla sem hafði að minnsta kosti sex mánaða reynslu af því að taka á móti börnum flóttamanna. Alls voru átta viðmælendur sem tóku þátt í rannsókninni. Þemagreining var notuð við greiningu gagna og gögnin jafnframt borin saman á milli hópa. Fjögur meginþemu urðu til sem notuð eru til þess að lýsa niðurstöðum. Leitast var við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hvernig var undirbúningi fyrir komu barna flóttamanna inn í íslenskt leikskólakerfi háttað hjá einu sveitarfélagi á Íslandi og hvernig var samstarfi milli skólaþjónustunnar og móttökuskóla háttað?
2. Hver var upplifun starfsfólks leikskóla í einu sveitarfélagi á Íslandi af undirbúningi fyrir komu barna flóttamanna og reynsla þeirra af aðlögun barnanna?

Rannsókn sem þessi gefur innsýn í hvernig staðið var að undirbúningi að komu barna flóttamanna inn í leikskóla í einu sveitarfélagi á Íslandi og hvaða lærdóm má draga af því ferli fyrir aðra leikskóla í sambærilegri stöðu.

*Lykilhugtök: skóli án aðgreiningar (e. inclusive education), börn flóttamanna (e. refugee children), undirbúningur (e. preparation), skólaþjónusta sveitarfélaga (e. municipal school service).*

## 2 Skóli án aðgreiningar

Skóli án aðgreiningar (e. inclusive education) er hugmyndafræði og menntastefna sem vísar til skipulags skólustarfs sem gerir ráð fyrir að nemendur séu ólíkir og hafi mismunandi forsendur til náms, þeim er mætt á eigin forsendum án þess að þeir séu aðgreindir í sérstaka skóla, deildir eða bekki eftir til dæmis námsgetu, fötlun eða uppruna. Hugmyndafræðin á sér sögulegar forsendur en fékk byr undir báða vængi í kjölfar ráðstefnu sem haldin var í Salamanca árið 1994, en þar var lögð fram yfirlýsing og rammaáætlun þar sem aðildarríki innan UNESCO samþykktu og skrifuðu undir og til varð *Salamanca–yfirlýsingin*. Í henni var gert ráð fyrir því að öll börn ættu rétt á að stunda nám óháð getu, þroska, kyni eða trúarbrögðum í almennum skóla (Menntamálaráðuneytið, 1995, bls. 7).

Hugmyndin um jafnrétti til náms á sér þó lengri sögu en að Salamanca–yfirlýsingunni. Í þessum kafla verður fyrst gerð grein fyrir sögulegu sjónarhorni um jafnrétti til náms, hvernig sjónarmiðin þróuðust frá því að beinast aðeins að börnum með fötlun eða þroskakerðingu yfir í almennan fjölbreytileika mannsins. Gerð verður grein fyrir ólíkum sjónarhornum menntastefnunnar og hvar skilningurinn á bak við menntastefnuna um skóla án aðgreiningar liggur, jafnframt hvernig bæta megi framkvæmd í reynd. Því næst verður rætt um þá sameiginlegu ábyrgð sem menntastefnan gerir ráð fyrir, en ábyrgðin á framkvæmd skóla án aðgreiningar liggur ekki aðeins á herðum einnar stofnunar og því verður rýnt inn í vistkerfi menntunar og greint frá því hvar ábyrgð liggur á milli stofnana í skólasamfélaginu.

## 2.1 Sögulegt sjónarhorn

Baráttan fyrir jafnrétti allra barna til náms á sér langa sögu en ræturnar má rekja til mannréttindahreyfingar í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar. Þá var farið að vekja athygli á því að börn með fötlun eða þroskafrávik ættu rétt á betri aðstæðum í skólakerfinu (Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2016, bls. 19). Með árunum þróaðist hugmyndin um jöfnuð til náms og farið var að vísa til jafnréttis í víðara samhengi, þar sem litið var til margra ólíkra bakgrunnspátta í lífi barnsins. Lög voru samþykkt og reglugerðir samdar til að móta þessa sýn í samfélaginu og var áherslan meðal annars lögð á að skólastarf skyldi vera skipulagt í samræmi við eðli og þarfir nemenda (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014, bls. 10). Árið 1994 var síðan haldin fyrirnefnd ráðstefna í Salamanca með yfirlýsingu sem gerði ráð fyrir að öllum börnum yrði gert kleift að stunda nám óháð getu, þroska, kyni eða trúarbrögðum í almennum skólum (Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2016, bls. 13; Menntamálaráðuneytið, 1995, bls. 8).

Í yfirlýsingunni kemur meðal annars fram að menntun er frumréttur hvers barns, að börn séu mismunandi og hæfileikar þeirra margvíslegir. Við skipulag menntakerfisins ætti að taka til greina að munur sé á hverjum einstaklingi og þörfum þeirra og að einstaklingar með sérþarfir ættu að hafa aðgang að almennum skólum þar sem þeim er mætt með þeim kennsluaðferðum sem hæfa hverjum og einum einstaklingi. Einnig er lýst yfir að „almennir skólar séu virkasta aflið til að sigrast á hugarfari mismununar“ (Menntamálaráðuneytið, 1995, bls. 8). Þannig að í grunninn felur yfirlýsingin í sér þá sýn að öll börn eigi rétt á menntun óháð getu þeirra til náms og einkennist því af mannúðlegum og lýðræðislegum gildum. Hún staðfestir það að margbreytileikinn sé eðlilegur þáttur í samfélaginu og því ætti að stuðla að gæðamenntun handa öllum



börnum með því að leita leiða til að koma til móts við þau á þeirra forsendum (Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2016, bls. 13).

Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun hennar um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir varð að alþjóðlegri menntastefnu og lagði rammaáætlunin grunn að menntastefnum víða um heim (Ainscow, 2005, bls. 109–110) og setti yfirlýsingin til að mynda ákveðið mark á íslenska löggjöf og námskrár, þar sem hún gengdi stóru hlutverki við að tryggja jafnréttismenntun barna á Íslandi (Hermína Gunnþórsdóttir, 2021, bls. 67), en yfirlýsingin var samþykkt á Íslandi árið 1995, ári eftir að aðildarþjóðirnar skrifuðu undir yfirlýsinguna (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014, bls. 10).

Hugmyndafræðin um skóla án aðgreiningar varð því hluti af stórrí samheild víðast hvar í heiminum þar sem nálgast átti hvert barn á jafnréttisgrundvelli (Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2016, bls. 13) og nemendur eru ekki aðgreindir í sérstaka skóla, deildir eða bekkir eftir námsgetu, fötlun eða uppruna (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016, bls. 67). Þessi sýn breytti sérkennslumódelinu í mörgum löndum á tuttugustu öldinni sem varð til þess að sjónum var beint að öllum jaðarhópum í skólakerfinu og náði því ekki aðeins til barna með þroskahömlun, fötlun eða námsörðugleika (Armstrong o.fl., 2010, bls. 24).

Túlkunin og skilningur á merkingu hugtaksins hefur þróast með árunum, en skýrst með hverri nýrri aðalnámskrá skólastiganna og endurnýjun laga. Samt sem áður getur túlkunin á menntastefnunni verið einstaklingsbundin og háð skoðunum um hvernig eigi að nálgast jafnrétti til náms innan skólasamfélagsins (Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2016, bls. 23–24; Hermína Gunnþórsdóttir, 2021, bls. 75).

## 2.2 Skilningur á menntastefnunni um skóla án aðgreiningar

Til þess að framfylgja menntastefnunni þarf skýra sýn og þekkingu einstaklinga til að beita henni innan stofnana. Það þarf að þekkja til starfshátta og vita hvers konar starfshættir séu síður í anda skóla án aðgreiningar (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 2). Hermína Gunnþórsdóttir (2021, bls. 78) bendir á það í skrifum sínum að enn sé mikið litið til þátta innan menntastefnunnar sem tengja má við sérkennslumódelið, þar sem verið er að flokka nemendur eftir getu, þegar áherslan ætti frekar að vera á margbreytileikann og að finna lausnir svo að hægt sé að koma til móts við margbreytileikann án aðgreiningar. Þróun stefnu sem þessarar innan menntakerfa hefur verið flókið fyrirbæri þar sem áherslur í menntun eru ávallt í örri þróun og fræðimenn og starfsfólk innan menntageirans þurfa að fylgja eftir breytingunum. Fræðimenn hafa bent á að það hefur tekið tíma að sameina skilning á menntastefnunni og að það sé í raun enn langt í land. Talið er að það vanti meira og betra flæði þvert á stofnanir með hag barnsins að leiðarljósi. En sömuleiðis eru áhrifin bundin því hvernig lög og reglugerðir hafa stangast á við hugmyndafræðina (Hermína Gunnþórsdóttir, 2021, bls. 78; Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2019, bls. 121). Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason (2016, bls. 26) benda á það í skrifum sínum að þversögn í lögum valdi ósamræmi í skilningi hagsmunaaðila til stefnunnar þar sem annars vegar sé gert ráð fyrir því að áhersla sé lögð á menntun án aðgreiningar og að hver einstaklingur fái stuðning til að rækta sína hæfileika og hins vegar þar sem verið er að ýta undir klíníska nálgun. Með klínískri nálgun er átt við einhliða sýn á sérþarfir nemenda sem ákveðið „vandamál“ sem þarf að leysa með sérúrræði, greiningu og meðferð undir stjórn sérfræðinga (Rúnar Sigþórsson, 2013, bls. 200). Þessi flokkun aðgreinir frekar nemendur út frá áskorunum þeirra, styrkir síður sjálfstraustið

og eflir frekar tilfinninguna um að vera öðruvísi. Hermína Gunnþórsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2013, bls. 596) benda einnig á að sumir kennarar grípi enn til kennslufyrirkomulags sem einkennist af einstaklingsmiðuðu námi, þar sem horft er til vanda nemandans en ekki litið á verkefnið sem viðfangsefni sem hægt er að takast á við með skipulagðri kennslu innan heildarinnar. Hins vegar er ljóst að starfsfólk á öllum skólastigum hefur áhuga á að vinna í anda skóla án aðgreiningar, en upplifir sig óöruggt í starfi þegar kemur að margbreytileikanum innan skólastarfsins og telur að skortur á undirbúningi og stuðningi stjórnenda til starfsþróunar komi í veg fyrir að þeir geti tileinkað sér stefnuna af heilindum (Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2019, bls. 115; Steingerður Ólafsdóttir o.fl, 2014, bls. 36).

## 2.3 Samfélagsleg ábyrgð

Samhliða áherslum um skóla án aðgreiningar breyttist hlutverk kennara og varð mun viðameira en áður. Í kjölfarið varð krafa um að kennarar hefðu afskipti af ólíkum aðstæðum nemenda sem fela í sér að huga að heildarlíðan nemenda sinna, ásamt því að sinna kennslufræðilegum þáttum og uppeldi í samvinnu við aðra faghópa innan sem utan skólans (Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2019, bls. 119). Sýnt hefur verið fram á að þetta breytta hlutverk kennara feli í sér aukið álag í starfi þar sem það getur verið krefjandi að takast á við fjölbreytileikann og réttur stuðningur hefur ekki verið til staðar (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 12; Hermína Gunnþórsdóttir, 2021, bls. 68; Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2019, bls. 114). Steingerður Ólafsdóttir og félagar (2014, bls. 18) benda á að árangri er best náð þegar samstarf ríkir milli stofnana innan sem og utan skóla og til þess þarf þverfræðilega liðsheild. Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir (2019, bls. 18) eru sammála því og lýsa því yfir að lausnin við að koma framkvæmd um skóla án aðgreiningar af stað innan skólasamfélagsins felist í sameiginlegri

lausnaleit sérfræðinga og í víðtæku samstarfi milli allra hagsmunaaðila. Gáfu niðurstöður rannsóknar Eddu Óskarsdóttur og félaga (2021, bls. 9) til kynna að breytt viðhorf til menntastefnunnar hjá hagsmunaaðilum skóla og stjórnvöldum, væri forsenda jákvæðni í garð stefnunnar.

Starfshættir skóla verða því að byggja á þeim grunngildum sem birtast í hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar svo að starfsfólk geti fylgt þeim eftir. Þetta er ein stærsta áskorunin í skólasamfélaginu, að veita öllum nemendum jöfn tækifæri til náms og ættu starfshættir í anda skóla án aðgreiningar að miklu leyti að snúast um náíð samstarf innan skólans sem og utan (Ainscow og Miles, 2008, bls. 15). Eitt lykilatriði um skóla án aðgreiningar er þau grunngildi sem kennarar, skólar og stjórnvöld hafa til stefnunnar. Til að efla skilning og hæfni í starfi er því mikilvægt fyrir kennara að fá virkan stuðning frá skólastjórnendum, sveitarfélögum og ríkinu til þess að takast á við þær áskoranir sem geta myndast í skólastarfinu hverju sinni. Allir hagsmunaaðilar þurfa því að hafa tileinkað sér þá sýn að menntun snúist um jafnrétti og félagslegt réttlæti til náms sem stuðlar að gæðamenntun fyrir alla nemendur og virkja þá til þátttöku í samfélaginu (Ainscow og Miles, 2008, bls. 21; Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2016, bls. 28).

Það að hafa opinn huga og jákvæð viðhorf til skóla án aðgreiningar og margbreytileikans innan hans er ekki nóg eitt og sér og ekki er hægt að gera kennarann einan ábyrgan heldur er þetta samstarfsverkefni allra hagsmunaaðila innan skólasamfélagsins (Ainscow, 2005, bls. 119; Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 5). Margir skólar eru komnir vel áleiðis í anda skóla án aðgreiningar á meðan aðrir eru það ekki (Hermína Gunnþórsdóttir, 2021, bls. 77). Því hefur verið þörf á að skýra stefnuna betur og byggja upp sameiginlega sýn á verkferlum til að ná markmiðum menntastefnunnar um skóla án aðgreiningar. Nýlega lögðu fræðimenn fram tillögur um aðgerðir til að

efla menntun fyrir alla í íslenskum skólum og byggjast þær á vistkerfi menntunar. Tillögurnar fela í sér fimm lög er varða menntakerfið og er því lýst yfir að skóli án aðgreiningar sé ekki einangrað fyrirbæri þar sem ólíkir hagsmunaaðilar innan menntakerfisins koma saman og því beri enginn einn ábyrgð á framkvæmd stefnunnar (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 6).

## 2.4 Vistkerfi menntunar og aukið samstarf milli stofnana

Erfiðleikar við að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda og ákall fagaðila til þess að skýra stefnuna betur skilaði sér í hugmyndum um vistkerfi menntunar sem greinir frá því hvernig samstarfi stofnana innan menntageirans og utan hans ætti að vera háttað. Vistkerfi menntunar greinir frá því hvar ákveðin ábyrgð liggur innan menntakerfisins og hver beri ábyrgð á að framkvæma ákveðna þætti sem falla undir stjórnarsýslustig menntakerfisins. Vistkerfið vísar í fjögur lög utan um nemendurna, það er 1) umgjörð ríkisins og 2) sveitarfélaga, 3) skólann sem stofnun, og 4) námsrými nemenda (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 5–6).

Í ysta lagi vistkerfisins stendur ríkisvaldið sem setur lög, reglugerðir og markar menntastefnu fyrir landið. Ríkið getur síðan stutt framkvæmdina með því að fjarlægja hindranir í stjórnarsýslunni sem vinna gegn menntastefnunni og að sama skapi hvatt kennara til frekari menntunar eða eftl starfsþróun þeirra með öðrum hætti (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 6).

Ábyrgð sveitarfélaganna er að koma að framkvæmd á skipulagi í hverjum skóla innan þeirra. Sveitarfélagið verður að fylgja eftir þeim lögum og reglugerðum sem ríkið setur og vinna í samvinnu við heilbrigðis-, félagsmálasvið og skólaþjónustu til að mæta ólíkum þörfum nemenda sem þurfa á stuðningi að halda í skólanum. Sérþekking þessara aðila aðstoðar

starfsfólkið við að mæta þeim áskorunum sem geta myndast í skólastarfinu (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 7).

Skólinn sem stofnun byggir á þeim gildum, hefðum, menningu og hugmyndafræði sem þróast hafa innan hans. Skólinn þarf að fylgja eftir skipulagi sveitarfélagsins og þeirri menntastefnu sem það leggur fyrir. Hér ber starfsfólk skólans ábyrgðina, skólastjórnendur, kennarar, starfsfólk stoðþjónustunnar og almennt starfsfólk. Allt starfsfólk skólans þarf að leggja sitt af mörkum til að mæta hverjum nemanda á jafnréttisgrundvelli og framfylgja stefnunni um skóla án aðgreiningar. Stefnan þarf að vera sýnileg í starfinu, birtast í skólastefnunni sem og í skólanámskránni. Stjórnun skólans gegnir viðamiklu hlutverki, það þarf að fylgjast með starfinu og sjá til þess að stefnunni sé framfylgt innan veggja skóla sem og að bjóða upp á úrræði sem styðja kennara, nemendur og foreldra (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 7).

Kennarinn sinnir aðalhlutverki í námsrými nemandans og þarf að skipuleggja allt er námið varðar og vinna í nánu samstarfi við aðra kennara og stoðþjónustu skólans. Að líta á fjölbreytileikann sem auðlind er hluti af grunnildum kennarans. Kennari þarf að vera tilbúinn til að veita öllum nemendum stuðning við hæfi og líta á kennslustarfið sem ákveðið námsferli og aðeins þannig nær hann að þróa kennslufræði sem byggir á skóla án aðgreiningar, þegar hann er tilbúinn til að vinna með fjölbreyttar þarfir nemendanna sinna (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 7).

Í innsta lagi vistkerfisins standa allir þeir fjölbreyttu nemendur sem hafa ólíkar þarfir og á það á ekki að hafa áhrif á það hvernig þeim vegnar í skóla. Það á að koma til móts við þá alla og leita lausna innan kerfisins svo að þeir finni fyrir því að þeir tilheyri samfélaginu í heild (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 7).

Eins og sjá má út frá vistkerfi menntunar er að mörgu að hyggja þegar kemur að skipulagi og framkvæmd skóla án aðgreiningar í menntakerfinu, sem er í raun sameiginleg ábyrgð allra sem koma að menntun barna í skólasamfélaginu. Í næsta kafla verður gerð nánari grein fyrir stefnu sveitarfélaga varðandi skóla án aðgreiningar og sérstaklega verður tekin til skoðunar skólaþjónusta sveitarfélaganna.

### 3 Skólaþjónusta sveitarfélaga

Eins og fram kom hér að framan um vistkerfi menntunar vinna sveitarfélögin í samræmi við þau lög og reglugerðir sem ríkið setur og verða þau að fylgja þeim eftir og bera sveitarfélögin samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) ábyrgð á starfsemi leikskóla í þeirra umdæmi og eiga jafnframt að sjá skólum sveitarfélagsins fyrir sérfræðiúrræðum, sem iðulega eru framkvæmd í samvinnu við heilbrigðis- og félagsmálasvið og skólaþjónustu sveitarfélagsins. Áhersla skólaþjónustu sveitarfélaganna ætti að snúast um forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð nemenda sem og styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti leikskóla og starfsfólk þeirra (Reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019). Hlutverk skólaþjónustunnar er því fyrst og fremst að veita skólum sveitarfélagsins stuðning við starfshætti í formi ráðgjafar áður en gripið er til frekari aðgerða.

Svo virðist sem það fari að miklu leyti eftir sveitarfélögum hvort tiltæk skólaþjónusta sé virk og að sama skapi hvort hún sé aðkeypt eða stjórnað sameiginlega með öðrum sveitarfélögum eða verktökum. Þetta er því allt háð áherslum hvers sveitarfélags fyrir sig og fjárhagslegri getu þeirra til að sinna verkefnum sem tengjast skólum og hvaða þjónusta er í boði og hversu gott aðgengi skólar hafa að fagfólki til að sinna verkefnum í samfélaginu. Þá er starfi skólaþjónustunnar innan sveitarfélagsins iðulega fléttað saman við aðra málaflokka sem sveitarfélögin sinna og því má velta fyrir sér hversu vel tekst til við að sinna málefnum skóla (Rúnar Sigþórsson, 2013, bls. 208–211).



Þegar kemur að menntastefnunni um skóla án aðgreiningar hafa rannsóknir sýnt fram á að það sé misjafnt eftir sveitarfélögum hvernig sú vinna er framkvæmd. Mörg sveitarfélög hafa tekið upp hugmyndafræði skóla án aðgreiningar inn í sína menntastefnu og birta hana með ólíkum hætti (Helgi Gíslason og Anna Kristín Sigurðardóttir, 2016, bls. 47). Úr gögnum má greina að tvenns konar áherslur skólaþjónustunnar hafa verið ríkjandi í gegnum árin. Annars vegar er það hin klínísku nálgun hennar og hins vegar er það skólamiðuð ráðgjöf (Helgi Gíslason og Anna Kristín Sigurðardóttir, 2016, bls. 60; Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2022, bls. 83; Rúnar Sigþórsson, 2013, bls. 200; Rúnar Sigþórsson o.fl., 2022, bls. 3).

### 3.1 Klínísk nálgun að námi barna

Klínískt viðhorf skólaþjónustunnar beinir sjónum að einhliða sýn á sérþarfir nemenda sem ákveðið „vandamál“ sem leysa ætti með greiningum, sérúrræðum og meðferðum undir stjórn sérfræðinga sem standa yfirleitt utan skólans og hafa takmarkaða þekkingu á sérkennum nemandans. Valdið liggur því hjá sérfræðingunum sem veita kennurum ráðgjöf um stöðu nemandans. Þeir taka við upplýsingum sem ráðþegar og gera nemandann að miðpunkti málefnsins. Meðferð sem þessi beinist að því að leysa þann vanda sem barnið hefur greinst með, og eiga þá kennarar og annað starfsfólk skólans að vinna úr þeim upplýsingum innan skólans sem þeir fá frá sérfræðingunum. Að vissu marki geta kennarar notið góðs af þessu fyrirkomulagi, en að sama skapi styrkir slíkt fyrirkomulag síður innviði og starfshætti skólans þegar aðeins er einblínt á afmarkað vandamál barnsins (Rúnar Sigþórsson, 2013, bls. 200 og 209), þá er ekki horft til þátta eins og hvernig breytingar á námsumhverfi gæti haft áhrif á stöðu nemenda eða þá hvernig hægt sé að beita kennsluháttum svo að heildin njóti góðs af. Klínísk nálgunin einblínir aðeins á einn nemenda í einu og þessi einstaklingsmiðaða sýn getur snúist upp í andhverfu sína og unnið gegn

menntastefnu sem miðar að skóla án aðgreiningar ef ofuráhersla er sett á að flokka börnin í hópa eftir sérkennum. Helsti vandinn hér er að klíníská nálgunin getur aukið á aðsókn í greiningar barna, ekki síst ef greiningar hanga saman við fjármagn til skólans varðandi viðbótarstuðning til nemenda. Hér er vísað til barna með námslegar, tilfinningalegar eða hegðunarlegar áskoranir. Í rannsókn Helga Gíslasonar og Önnu Kristínar Sigurðardóttur (2016, bls. 60) benda þau einmitt á þessa stöðu og nefna að sveitarfélögin styðji síður við kennslufræðilegt mat kennara og skólastjórnenda á þörfum nemenda en mun frekar við niðurstöður læknisfræðilegar greiningar þegar úthlutun fjármagns til skóla er skipulagt. Þar af leiðandi eykst fjöldi barna sem fara í greiningarferli, hvort sem það er vegna námslegra, tilfinningalegra eða félagslegra ástæðna. Það hefur slæm áhrif á þau börn sem virkilega þurfa á greiningu að halda, börn sem hafa vitsmunalega skerðingu eða þroskahömlun og þurfa meiri eftirfylgd innan sem og utan skólans í samstarfi við stoðþjónustu og foreldra (Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2022, bls. 99; Rúnar Sigþórsson, 2013, bls. 210).

### 3.2 Skólamiðuð ráðgjöf börnum í hag

Þar sem klíníská nálgunin einblínir að mestu á einstaklingsmiðaða nálgun telja fræðimenn að til þess að vinna í anda skóla án aðgreiningar sé æskilegra að einblína frekar á að styrkja innviði skólans með því að efla starfshæfni kennaranna og starfsfólk skólans til að beita fyrirbyggjandi aðgerðum með snemmtækri íhlutun og bregðast þannig við þeim áskorunum sem geta myndast innan veggja skólanna. Skólamiðuð ráðgjöf leggur áherslu á að skapa þessi skilyrði og bregðast við áskorunum nemenda á skilvirkan hátt í samvinnu við foreldra og með stuðningi frá stoðþjónustu sveitarfélagsins sem tekur til allra sérfræðinga frá mismunandi þjónustukerfum. Jafnframt leggur skólamiðuð ráðgjöf áherslu á að laga kennsluhætti, námsumhverfi og námsferil að þörfum nemenda og nemendahópa. Skólamiðuð nálgun byggir á því að

styðja kennara til kennslu og virkja þá á vettvangi sem og til starfsþróunar með áherslu á að efla fagmennsku skólans í heild (Birna María Svanbjörnsdóttir o.fl., 2021, bls. 8; Rúnar Sigþórsson, 2013, bls. 200). Með þessu fyrirkomulagi hvetur það kennarann til þess að vera þáttur í lausnaleyttu samhliða öðrum fagaðilum og styrkir starfsfólk skólans til að koma til móts við fjölbreytilegan bakgrunn barna í anda skóla án aðgreiningar (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 4; Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2016, bls. 33).

Þrátt fyrir stefnusýnina um skólamiðaða ráðgjöf er margt sem bendir til þess að enn sé verið að grípa til klínískra aðgerða þegar kemur að samskiptum á milli skóla og skólaþjónustunnar og síður litið á ráðgjöf sem lausnamiðaða samræðu á milli þessara aðila (Rúnar Sigþórsson o.fl., 2022, bls. 3).

Þótt að það sé útlit fyrir betrubætta verkferla er talið að það sé flókið að framkvæma og breyta þeim verkferlum á stofnunum, svo sem skólaþjónustu og skóla þar sem það tekur til marga þátta innan stofnana sem slíkra. Grunnildi einstaklings, áherslur, viðhorf, reynsla og kunnátta til starfsins hefur áhrif og er stór breyta þegar kemur að sameiginlegum skilningi á sviði menntamála. Vegna þessa er ljóst að sveitarfélögin og skólar eru komin mis langt á veg hvað þessa sýn um skólamiðaða ráðgjöf varðar (Birna María Svanbjörnsdóttir o.fl., 2021, bls. 13; Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2022, bls. 91).

### 3.3 Áhrifaþættir á framkvæmd menntastefnunnar um skóla án aðgreiningar

Út frá fræðum má greina tvo ríkjandi áhrifaþætti sem koma í veg fyrir eða hindra í framkvæmd um menntastefnu skóla án aðgreiningar með skólamiðaða ráðgjöf að leiðarljósi. Þann fyrri má tengja við fjármagn til að styrkja innviði skóla og skólaþjónustu. Hinn seinni má tengja við manneklu og skort á faglærðu

starfsfólki hjá skólaþjónustunni sem og í skólum. En í raun skortir skólaþjónustuna mannauð og fjármagn frá sveitarfélaginu til að fá til sín sérhæft fólk til að sinna öllum þeim flóknu málaflokkum sem fylgja meðal annars leikskólum landsins (Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2022, bls. 91). Þá hefur verið leitt í ljós að ekki sé nógu mikið svigrúm og tími til að sinna stuðningi við skóla og skólastjórnendur og þessa vegna verði stuðningurinn ómarkviss. Sömuleiðis sé erfitt að styðja við skóla á vettvangi vegna manneklu skólaþjónustunnar (Birnu Maríu Svanbjörnsdóttir o.fl., 2021, bls. 15; Rúnar Sigþórsson, 2022, bls. 4). Þegar litið er til fjárhagsþátta má sjá að sveitarfélögin styðja við læknisfræðilegar greiningar nemenda frekar en við kennslufræðilegt mat á þörfum þeirra (Helgi Gíslason og Anna Kristín Sigurðardóttir, 2016, bls 60; Rúnar Sigþórsson o.fl., 2022, bls. 3).

Ákveðin tvíræðni hefur myndast í skólasamfélaginu þar sem vilji er til að uppfylla skilyrði um skólamiðaða ráðgjöf en samt sem áður ekki á kostnað þjónustu sálfræðinga sem sinna erindum innan skólanna á þeim grundvelli að greina og halda skilafundi um einstaka nemendur. Bent hefur verið á að þörf sé á að líta á hlutverk skólasálfræðinga í víðara samhengi, meðal annars með því að styðja við starf kennara á vettvangi. En út frá niðurstöðum tveggja rannsókna má greina að upplifun skólastjórnenda bendi til þess að skortur sé á viðunandi úrræði til að efla starfshætti til að sinna ólíkum þörfum nemenda en stuðningur og fjármagn til að styrkja innviði skólans má ekki vera háð greiningum. Að sama skapi er upplifun meðal starfsfólks skólaþjónustunnar sú að þar sé vilji til að sinna skólamiðaðri nálgun, en nokkuð skorti á að ráðgjöf og tilmæli um breytingar skili sér í kennsluháttum og námsumhverfi nemenda (Birna María Svanbjörnsdóttir o.fl., 2021, bls. 13 og 16; Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2022, bls. 91–92). Þetta leiðir hugann að því hvers konar ráðgjöf er veitt af hendi skólaþjónustunnar varðandi stuðning við skóla og

hvernig eftirfylgni er háttað. Í nýlegri rannsókn hvað þetta varðar kemur fram að megináhersla skólaþjónustunnar sé að veita nemendum og foreldrum þeirra stuðning en síður væri lögð áhersla á faglegt starf inni í skólum. Það bendir til þess að sveitarfélög og starfsmenn skólaþjónustunnar hafi ekki skýra sýn á hlutverk sitt sem leiðtogar í faglegu lærdómssamfélagi, sem bera ábyrgð á að veita forystu, móta stefnu og aðgerðir innan skólaþjónustunnar og skóla sveitarfélagsins. Jafnframt lítur út fyrir að þeir telji ábyrgð sína felast í almennri framkvæmdastjórnun þar sem meðal annars skipting fjármagns spili inn í og tengist pólitískum áherslum fremur en faglegum menntaáherslum (Sigríður Margrét Sigurðardóttir o.fl., 2022, bls. 15).

Sigríður Margrét Sigurðardóttir og félagar (2022, bls. 18) hafa síðan bent á að sveitarfélögunum hefur almennt ekki tekist að sinna þessu tiltekna forystuhlutverki. Pólitískar áherslur sveitarfélagsins virðast bregðast frekar við kröfum skólanna þegar staðan er orðin „slæm“ frekar en að veita fyrirbyggjandi stuðning, eins og greint hefur verið frá hér að framan. Lagt hefur verið til að sveitarfélögin vinni markvisst að því að bæta leiðtogahætti sína og sömuleiðis ættu þau að taka virkari þátt í að byggja upp skilvirka skólaþjónustu. En svo að það gangi upp þarf ríkið að taka ábyrgð og finna viðeigandi lausnir, sérstaklega í dreifbýlum.

Eins og fram hefur komið hér að framan eru vísbendingar um að margt vinni gegn menntastefnunni um skóla án aðgreiningar. Fræðimenn hafa verið virkir í að benda á að leita eigi lausna innan veggja skólans og rækta þekkingu kennara sem og aðila innan skólaþjónustu sveitarfélaganna á menntastefnunni um skóla án aðgreiningar (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 4; Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2016, bls. 33). Það þarf að efla vitund þeirra sem vinna náið með börnum um nám barna með fjölbreytilegan bakgrunn og hvernig hægt sé að vinna í sameiningu að því að koma til móts við ólíkar þarfir

barna þvert á milli stofnana. Í næsta kafla verður nánar farið út í fjölmeninguna sem ríkir hér á Íslandi, þá verður aðallega fjallað um börn af erlendum uppruna og þá sérstaklega börn flóttamanna sem koma til Íslands í leit að hæli ásamt fjölskyldum sínum.

## 4 Fjölmennning í íslenskum leikskólum

Skólastarf er í stöðugri þróun í takt við samfélagslegar breytingar. Vegna þessa hefur starf kennara orðið yfirgripsmeira og fjölþættara en áður (Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir, 2016, bls. 169). Eins og nefnt hefur verið hér að framan hefur hugtakið um skóla án aðgreiningar þróast og skilningur á merkingu hugtaksins í takt við það. Fyrst um sinn var aðeins miðað við börn sem höfðu þroskafrávik, fötlun eða námsfrávik, en nú er hugtakið orðið mun víðtækara og notkun hugtaksins vísar meira til fjölbreytileikans í samfélaginu, til dæmis varðandi menningu, tungumál, félagslega stöðu, kynhneigð, uppruna og svo framvegis (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014, bls. 5). Þar af leiðandi er áherslan í dag meiri en áður á jafnrétti og gæði fyrir öll börn óháð þroska, getu til náms og öðrum bakgrunni og unnið að því að horfa á menntakerfið í stærra samhengi en áður var gert. Hlutverk skóla og kennara í menntakerfinu er því að koma til móts við þarfir og bakgrunn allra nemenda á jafnréttisgrundvelli og aðlaga kennsluhætti að þeim (Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2016, bls. 24).

Ísland er fjölmenningsamfélag og eru leikskólar meðal annars í lykilhlutverki þegar kemur að því að byggja upp jákvæð og góð viðhorf til barna flóttamanna sem og samskipti við fjölskyldur þeirra. Slíkt krefst góðrar forystu og leiðsagnar af hendi menntamálayfirvalda. Á hverju ári koma fjölskyldur alls staðar að úr heiminum og ástæður þess eru margvíslegar sem getur haft áhrif á tilfinningalíf og félagsstöðu barna (Kristín Dýrfjörð o.fl., 2013, bls. 26; Taylor og Sidhu, 2012, bls. 45). Á undanförunum árum hefur koma þessara barna aukist á Íslandi (Anna Magnea Hreinsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2019, bls. 2) og

þurfa mörg börn á einhverjum stuðningi í skólastarfinu að halda. Hér verður næst fjallað nánar um fjölmenningu í íslenskum leikskólum, skoðað verður hlutverk kennara í fjölmennningarlegu skólastarfi og þá hvernig á að takast á við áskoranir sem því fylgja sem og hversu mikilvægur góður undirbúningur er við aðlögun barna af erlendum uppruna og með flóttamannabakgrunn í leikskólasamfélaginu.

## 4.1 Stefnumótun og þekking á fjölmennningarlegri menntun

Fjölgun barna af erlendum uppruna hefur skapað ákveðna áskorun fyrir skóla á Íslandi sem og á heimsvísu (Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir, 2016, bls. 158; Taylor og Sidhu, 2012, bls. 39). Þar má nefna breytingar og aðlögun á stefnumótun og námskrám sem miðar að fjölmennningarlegu skólastarfi og menntun. Líkt og hugmyndafræðin sem gerir ráð fyrir skóla án aðgreiningar er fjölmennningarleg menntun ákveðið grundvallarviðhorf sem felur í sér að allir nemendur óháð bakgrunni eigi að hafa jöfn tækifæri til náms. Nauðsynlegt er að styðja við jaðarhópa samfélagsins þar sem brugðist er við með jákvæðu hugarfari sem leiðir til skilvirkari aðgerða innan skólasamfélagsins. Tekur það til allra þátta innan skólastarfsins, svo sem kennsluaðferða, námskrárgerðar, námsefnis, stjórnunar og skólamenningar (Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir, 2010, bls. 27; Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014, bls. 6).

Fjölmennningarlegt skólastarf krefst einnig viðeigandi menntastefnu til að takast á við þær áskoranir sem fylgja því að sinna fjölmennningarlegri menntun. Þrátt fyrir að mörg sveitarfélög hafi til staðar ákveðna menntastefnu fyrir börn af erlendum uppruna og jafnframt nokkur sett af stað verkefni til að efla málþroska og læsi barna sem hafa annað móðurmál en íslensku, skortir víða markmið til að vinna að (Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir, 2016, bls. 157 og 165). Það er einnig misjafnt eftir sveitarfélögum hvort þau hafa í gildi



ákveðna menntastefnu fyrir börn af erlendum uppruna og hversu nýleg hún er (Hermína Gunnþórsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2020, bls. 113). Hanna Ragnarsdóttir (2016, bls. 239) greinir síðan frá því að menntakerfið og menntastefnur geri ekki alltaf ráð fyrir því að í skólasamfélaginu sé fjölbreyttur nemendahópur og á þeim stöðum sem gerð er grein fyrir þeim skortir eftirfylgni með börnunum. Rannsókn Taylor og Sidhu (2012, bls. 46) staðfestir að markviss stefna skiptir miklu máli þegar tekist er á við þær áskoranir sem fylgja fjölmeningarlegri menntun, en í greininni fjalla þær um málefni barna flóttamanna. Þær telja sömuleiðis að án slíkrar stefnu og fjárhagsaðstoðar eigi einstakir skólar og starfsfólk þeirra í erfiðleikum með að hrinda hugsjónum um félagslegt réttlæti og jafnrétti í framkvæmd inni í skólanum.

En það er ekki aðeins stefnumótun ríkis og sveitarfélaga sem skiptir höfuðmáli því viðhorf, þekking, hæfni og færni kennara og annarra starfsmanna leikskóla skipar stórt hlutverki þegar kemur að kennslu í fjölmeningarlegu leikskólastarfi. Kennarar þurfa að geta skapað aðstæður í daglegu skólastarfi til að efla málþroska og þátttöku barna af erlendum uppruna í skólastarfinu en það krefst ákveðinnar færni og uppeldisfræðilegrar þekkingar að takast á við þær áskoranir sem fylgja því að vinna með börnum af erlendum uppruna og sömuleiðis þegar að samskiptum við foreldra þeirra barna kemur. Að sama skapi hafa fræðimenn greint frá því að mikilvægt sé að efla fjölmeningarkennslu í háskólanámi kennara til þess að þeir öðlist þá þekkingu og hæfni sem fjölmeningarlegt skólastarf krefst af kennurum í nútíma skólastarfi (Hanna Ragnarsdóttir, 2016, bls. 253; Leung og Hue, 2017, bls. 2011). Þess má einnig geta að kennarar þurfa að vera tilbúnir til þess að fara út fyrir þægindarammann sinn í starfinu og ögra óbreyttu ástandi ef það á við og sækjast eftir breytingum ef aðstæður krefjast (Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir, 2016, bls. 166 og 169). Kennarar þurfa því að vera tilbúnir

til þess að vinna með þekkingu sem þeir búa yfir og styrkja hana til að skilja nám og aðstæður nemenda sinna betur, ekki síst þar sem menningarmunur er til staðar. En að vinna með börnum af ólíkum uppruna veitir kennurum ákveðið tækifæri til þess að styrkja og efla sig í starfi (Leung og Hue, 2017, bls. 2011). Því þurfa kennarar virkan stuðning frá skólastjórnendum, sveitarfélögum og ríkinu (Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2016, bls. 28) til þess að takast á við fjölbreyttar þarfir nemenda, þá ekki síst nemenda af erlendum uppruna. Sýnt hefur verið fram á að þörf er á auknum stuðningi og kennarar telja sig týnda í starfinu þar sem þeir telja sig ekki hafa þekkinguna til að takast á við fjölmenningslegt skólastarf. Sérstaklega ef engin ákveðin stefnumótun er til staðar getur það haft neikvæðar afleiðingar í för með sér, sem leiða til þess að kennarar upplifi eins og þeir séu að bregðast þeim börnum með viðleitni sinni og því þurfa kennarar svigrúm og stuðning til að bæta við þekkingu sína í starfi (Hermína Gunnþórsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2020, bls. 114).

## 4.2 Undirbúningur fyrir komu barna flóttamanna

Það er afar mikilvægt að huga að þeirri fjölmenningu sem almennt ríkir hér á Íslandi og þá einnig í skólum landsins. Á hverju ári koma fjölskyldur alls staðar að úr heiminum og eru ástæður komunnar margvíslegar (Kristín Dýrfjörð o.fl., 2013, bls. 26). Meðal þeirra sem koma eru fjölskyldur sem eru í leit að vernd og öryggi frá stríðshrjáðum löndum og óska eftir að koma til Íslands í leit að hæli, til dæmis sem kvótaflóttamenn. Börn flóttamanna koma hingað eftir að hafa upplifað aðstæður sem ekkert barn ætti að þurfa að upplifa, svo sem streituvaldandi umhverfi og miklar breytingar á lífsvenjum. Því er mikilvægt að sveitarfélagið, skólabjónustan, kennarar og starfsfólk skóla sem taka á móti börnunum hugi að sál- og félagslegri vellíðan barnanna og sýni mikla nærgætni (Helga Guðmundsdóttir o.fl., 2018, bls. 3).

Hanna Ragnarsdóttir (2019a, bls. 150) skrifaði yfirlitsgrein þar sem meðal annars kom fram að rannsóknir síðastliðinn áratug gefi til kynna að börn af erlendum uppruna, þar á meðal börn flóttamanna, hafi átt erfitt með að fóta sig í íslenskum skólum, en skólaganga barnanna hefst um leið og fyrstu heilbrigðissskoðun lýkur (Hanna Ragnarsdóttir, 2019b, bls. 2). Aðlögun barna í skólakerfið er ákveðið ferli sem skipulagt er af hálfu leikskólans. Ein rannsókn leiddi í ljós að það taki börn flóttamanna mislangan tíma að aðlagast skólaumhverfinu þar sem mörg þeirra upplifa allskonar tilfinningar, meðal annars kvíða og áfallastreitu (Helga Guðmundsdóttir o.fl., 2018, bls. 7 og 9). Því telja fræðimenn það vera afar mikilvægan þátt að auka fræðslu og þekkingu kennara um málefni barna með flóttamannabakgrunn, en þannig öðlast þeir meira öryggi og sjálfstraust í starfinu til að sinna námslegum, félagslegum og tilfinningalegum þörfum nemenda sinna. Það er því grundvallaratriði að vera viðbúin því að taka á móti börnum flóttamanna og hagræða námskrá og kennslu í takt við þarfir þeirra, meðal annars með því að veita auka stuðning til barnanna í gegnum aðlögun að skólanum og fylgjast vel með framförum þeirra í námi (Block o.fl., 2014, bls. 14–15). En til þess að stuðningur við börn flóttamanna skili árangri þarf öfluga forystu í skólastarfinu sem styður og leiðbeinir kennurum í starfinu um málefni barna flóttamanna (Block o.fl., 2014, bls. 15; Taylor og Sidhu, 2012, bls. 49). Slíkur stuðningsaðili inni á leikskóladeildum á samt sem áður ekki að sinna aðeins einu barni, heldur þurfa allir starfsmenn að vinna saman með heilðrænum hætti, bera sameiginlega ábyrgð sem og að skipta verkum á milli sín við að hvetja öll börn til þátttöku í leik og námi með jafningjum sínum í daglegu leikskólastarfi (Anna Magnea Hreinsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2019, bls. 14–15).

Að sama skapi gáfu niðurstöður rannsóknar Hönnu Ragnarsdóttur (2019b, bls. 10–11) góða innsýn inn í hversu mikilvægur góður undirbúningur allra

Þeirra sem koma að móttöku flóttamanna til samfélagsins er þar sem fræðsla er veitt til starfsfólks leikskóla með það að markmiði að efla skilning á þeim aðstæðum sem börn flóttamanna koma frá. En undirbúningurinn er misjafn eftir sveitarfélögum, þar sem hvert sveitarfélag skipuleggur móttökur á ólíkan máta sem skapar ákveðna misfellu á milli sveitarfélaga. Skólar geta því verið misvel í stakk búnir að taka á móti börnum flóttamanna og þeim áskorunum sem fylgja svo sem að læra nýtt tungumál, takast á við nýtt umhverfi og félagskerfi og það tilfinningaójafnvægi sem börn flóttamanna glíma við (Hanna Ragnarsdóttir, 2019b, bls. 3). Því er nauðsynlegt að vinna að skilvirkum ferlum á milli stofnana þegar kemur að námi barna flóttamanna og benda Block o.fl. (2014, bls. 16) á að nauðsynlegt sé að skapa heildrænt líkan sem tekur á námslegum, félagslegum og tilfinningalegum þörfum nemenda með bakgrunn sem flóttamenn með áherslu á nám án aðgreiningar til þess að fagna menningarlegum fjölbreytileika í skólastarfi.

## 5 Opinber gögn og lagaumgjörð

Hér verða nánar skoðuð opinber gögn, lög og reglugerðir sem ríkið semur með tilliti til leikskólastarfsemi. Skoðað verður hvernig skóli án aðgreiningar birtist í þeim gögnum, sem og hugtök í tengslum við fjölmenningslegt skólastarf og börn flóttamanna, með tilliti til hlutverka leikskóla og skóláþjónustu sveitarfélaga.

### 5.1 Leikskólar

Ísland er eitt aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og ákvæði um börn flóttamanna má finna í lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (nr. 19/2013) um að viðeigandi ráðstafanir eigi að gera til að tryggja börnum flóttamanna „vernd og mannúðlega aðstoð við að nýta sér þau réttindi sem við eiga“. Samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) eru leikskólar fyrsta skólastigið en meginmarkmið leikskóla er meðal annars: „að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra“. Sömuleiðis eiga leikskólar „að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,“ og á þetta við um öll börn óháð bakgrunni. Hvorki er farið nánar út í fjölmenningu í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) né fjallað um börn með ólíka bakgrunnspætti í lögnum. Hvergi er farið djúpt í málaflokka og sömuleiðis kemur hvergi hugtakið um skóla án aðgreiningar fram í lögum um leikskólastigið en hugtakið má finna í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) og hefur það því verið lögfest á því skólastigi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2011) gefur út *Aðalnámskrá leikskóla* sem byggist á þeim meginmarkmiðum sem birtist í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og fjallar nánar um markmiðin í stærra samhengi en í lögnum. *Aðalnámskrá leikskóla* er heildarmenntastefna fyrir alla íslenska leikskóla og byggjast skólanámskrár leikskóla á henni. Aðalnámskráin tekur til sex grunnþátta sem samdir voru í þeim tilgangi að þeir endurspeglis í öllu skólastarfi. Einn af þessum grunnþáttum er jafnrétti. Í kaflanum um jafnrétti má finna margt um jafnréttismenntun og að leggja eigi áherslu á að nám nái til fjölbreyttra þátta. Til að mynda eru þar ákvæði um fötlun, kynhneigð, menningu, trúarbrögð, þjóðerni og tungumál. Fyrir utan þetta er engin haldbær umræða um fjölmenningsleggt samfélag eða menntun út frá því í aðalnámskránni og að sama skapi kemur hugtakið um skóla án aðgreiningar aðeins einu sinni fram í allri námskránni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 20) þrátt fyrir að hugmyndafræðin hafi birst í opinberum skjölum um menntamál í nær þrjátíu ár. Mennta- og menningarmálaráðuneytið stóð einnig fyrir útgáfu ritraðar fyrir hvern grunnþátt er birtist í aðalnámskránni. Ritroðin var gerð með það í huga að einfalda inntak grunnþáttanna svo það endurspeglis inn í skólastarfið og til er ein ritroð fyrir hvern grunnþátt (Kristín Dýrfjörð, o.fl., 2013, bls. 4). Í ritroðinni um grunnþáttinn jafnrétti má finna sér kafla um fjölmenningslegan skóla (bls. 26–28) og skóla án aðgreiningar (bls. 8–10) þar sem þeim hugtökum eru gerð ágæt skil, en hvergi er fjallað um málefni barna flóttamanna. Heilt yfir er aðalnámskráin og ritroðin um jafnrétti skýr um að koma eigi í veg fyrir aðgreiningu og mismunum í skólastarfi og að styðja eigi við félags- og námsþarfir allra barna á jafnréttisgrundvelli.

## 5.2 Skólaþjónusta sveitarfélaga

Samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) bera sveitarfélög ábyrgð á starfsemi leikskóla og eiga að setja almenna stefnu um leikskólustarfsemi. Í hverju sveitarfélagi eiga einnig að starfa sérfræðingar á sviði leikskólamála, sem veita leikskólum ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun. Sveitarfélögin ættu að fylgja skólustarfinu eftir með mati og eftirliti og sækjast eftir upplýsingum um leikskólastarfið. Þau eru sömuleiðis skyldug til þess að sjá skólum fyrir sérfræðiúrræðum og eiga að reka skólaþjónustu sem sinnir sérfræðiúrræðum nemenda og felst það meðal annars í því að veita stuðning við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra sem og við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélögin hafa svigrúm til þess að ákveða hvernig sú þjónusta fer fram, en í lögum er hvatt til þess að hún fari fram innan leikskóla. Einnig hafa sveitarfélögin svigrúm til þess að ákveða hvernig skólaþjónustan er rekin, hvort hún sé aðkeypt eða veitt á staðnum. Jafnframt kemur fram að þau börn sem þurfa á þessari þjónustu að halda þurfi að fara í gegnum greiningu viðurkenndra greiningaraðila.

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (2011, bls. 46) er einnig lögð áhersla á að skólaþjónustan stuðli að jafnrétti til náms og vellíðan allra barna. Til þess að veita börnum sem besta menntun og uppeldi innan veggja skóla á skólaþjónustan að sama skapi að veita ráðgjöf og fræðslu vegna einstakra barna eða barnahópa sé óskað eftir því af hálfu starfsfólks leikskóla eða foreldra barnanna.

Skólaþjónustan á því að styðja við skólustarfið, meðal annars með kennslufræðilegri ráðgjöf, en samkvæmt reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum (nr. 444/2019) kemur þetta fram: „Markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist

sem best í skólafélaginu.“ Áhersla skólafélaganna ætti að auki að snúast um forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð nemenda sem og að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti leikskóla. Sömuleiðis að skólafélag sé unnið í anda skóla án aðgreiningar með tilliti til stuðnings og ráðgjöf til starfsfólks vegna einstaka nemenda sem eiga við námslegan, félagslegan eða sálrænan vanda að stríða. Jafnframt á að efla skóla sem faglegar stofnanir og styrkja kennara til úrlausna þeirra mála sem upp koma í skólanum. Um forvarnarstarf í reglugerðinni má sjá að fræðsla eigi að eiga sér stað meðal annars fyrir starfsfólk skóla og fyrir þá nemendur sem eiga í félagslegum, sálrænum og félagslegum vanda svo að þeir fái viðeigandi stuðning við hæfi sem virkjar þá í skólafélaginu. Samkvæmt reglugerðinni bera skólafélagar ábyrgð á að hafa frumkvæði að samstarfi við skólafélagstjóra og aðrar stofnanir innan sveitarfélagsins vegna málefna einstakra barna með sérþarfir og að sama skapi eiga sveitarfélögin að tryggja upplýsingamiðlun á milli þjónustustiga eftir því sem á við. Með nýju lögnum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) er von um að samskipti milli stofnanna muni styrkjast þar sem stuðla á núna markvisst að velferð og farsæld barna, meðal annars með góðri samvinnu, áherslu á þverfaglega þekkingu og í sameiningu að fylgjast með farsæld hvers barns með því að bregðast við ef því er ekki sinnt.



## 6 Aðferðafræði

Þessi kafli greinir frá aðferðafræði rannsóknarinnar. Fyrst er gerð grein fyrir rannsóknaraðferðinni sem var valin, eftir það verður farið yfir val á þátttakendum, að því loknu er sagt frá framkvæmd rannsóknarinnar og úrvinnslu og greiningu gagna. Að lokum er sagt frá helstu álitamálum og siðferðislegum atriðum sem snerta þessa rannsókn.

### 6.1 Rannsóknaraðferð

Eiginleg rannsóknaraðferð varð fyrir valinu en sú aðferð hentar vel þegar skoðuð eru viðhorf og álit fólks með því að rýna inn í annars vegar reynslu þeirra og hins vegar í upplifun þátttakendanna (Helga Jónsdóttir, 2021, bls. 156). Ákveðið var að taka tvö rýnihópaviðtöl, þar sem hóparnir eru ólíkir að því leyti að þeir starfa hjá sitt hvorri stofnuninni, innan sama sveitarfélags, en vinna samt sem áður að sameiginlegum markmiðum þegar kemur að móttöku barna flóttamanna í samfélagið. Annars vegar var það skólabjónusta sveitarfélagsins og hins vegar einn leikskóli sveitarfélagsins. Rýnihópa rannsóknaraðferðin þótti tilvalin fyrir þessa tilteknu rannsókn en markmiðið er að fá fram margvísleg viðhorf, reynslu, upplifun og innsýn þátttakenda af viðfangsefninu til að ná fram afstöðu og skilningi á málefningu (Sóley Sesselja Bender, 2021, bls. 280 og 282).

### 6.2 Þátttakendur

Óskað var eftir því að fá viðmælendur í sveitarfélagi þar sem höfundur veit til þess að tekið hefur verið á mótí flóttamönnum. Val á þátttakendum miðaðist því við að viðmælendur hefðu reynslu af því að taka á mótí börnum

flóttamanna inn í skólasamfélagið. Ákveðið var að taka tvö rýnihópaviðtöl, annars vegar við starfsfólk skólaþjónustu sveitarfélagsins og hins vegar við starfsfólk leikskóla í sama sveitarfélagi. Tilgangsráttak var notað þar sem fjöldi þátttakenda var óákveðinn en valdir voru þeir viðmælendur sem hentuðu best, það er höfðu reynslu af því að taka á móti börnum flóttamanna (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2021, bls. 207). Óskað var sérstaklega eftir þátttöku sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, skóla- og sérkennslufulltrúa og einstaklingi innan velferðarnefndar sveitarfélagsins. Jafnframt var óskað eftir þátttöku leikskólastjóra, sérkennslustjóra, deildarstjóra, kennara og annarra starfsmanna leikskóladeildar sem hafa að minnsta kosti sex mánaða reynslu af starfi með skilgreindum börnum og geta því sagt frá sinni upplifun af undirbúningi fyrir móttöku (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2021, bls. 210) sem og hvernig til tókst í gegnum aðlögunarferlið, áframhaldandi skólagöngu og samskiptum við skólaþjónustuna í gegnum það ferli.

Höfundur sendi út kynningabréf (sjá viðauka 1) með upplýsingum um rannsóknina í tölvupósti. Til að fylgja eftir tölvupóstinum var haft samband við alla mögulega þátttakendur viku síðar. Flest allir sem haft var samband við samþykktu að taka þátt. Ekki fékkst svar frá einum deildarstjóra og einstaklingi innan velferðarnefndar sveitarfélagsins. Í rýnihópi hjá skólaþjónustu sveitarfélagsins voru tveir viðmælendur og fengu dulnefnin Anna og Bára. Í rýnihópi leikskólans voru sex viðmælendur og fengu þau dulnefnin Dagný, Elísa, Fjóla, Gerður, Hildur og Inga. Í ljósi þess að sveitarfélagið er tiltölulega fámenn og starfsstöðvarnar einnig fámennar, verður ekki gerð frekari grein fyrir þátttakendum eða aðstæðum þeirra.

### 6.3 Framkvæmd

Staðsetning viðtala var valin út frá þörfum hvors hóps og starfsmenn skólaþjónustunnar kusu að vera á skrifstofu þeirra og síðan varð húsnæði eins

leikskólans fyrir valinu með starfsmönnum leikskólans. Viðtalsrammi (sjá viðauka 2) var saminn og hafður til hliðsjónar á meðan viðtölin stóðu yfir. Viðmælendum var gerð grein fyrir tilgangi og mikilvægi rannsóknarinnar fyrir sveitarfélagið, þagnarskyldu og nafnleynd var lofað og þátttakendum gerð grein fyrir að þeir þyrftu ekki að svara einstökum spurningum. Við úrvinnslu gagna var unnið í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (nr. 90/2018) og þess gætt við gagnagreiningu að ekki væri hægt að rekja svör til einstakra viðmælenda. Þátttakendum var greint frá því að viðtölin yrðu hljóðrituð en þeim jafnframt eytt að lokinni úrvinnslu viðtalsins. Á meðan hópaviðtölin stóðu yfir gætti höfundur að líkamsstöðu og því að ná augnsambandi við hvern viðmælenda hverju sinni. Óskað var eftir því í báðum hópaviðtölum að einn tali í einu og að þátttakendur haldi sig við rannsóknarefnið. Því næst var farið yfir opnar spurningarnar (sjá viðauka 3 og 4) sem höfundur samdi með hliðsjón af viðfangsefni rannsóknarinnar (Helga Jónsdóttir, 2021, bls. 156), en það er skóli án aðgreiningar og börn flóttamanna. Í lokin voru meginatriðin tekin saman og öllum þátttakendum þakkað fyrir þátttökuna (Sóley Sesselja Bender, 2021, bls. 283–286).

## 6.4 Úrvinnsla og greining gagna

Höfundur var vakandi fyrir óskýrum upplýsingum og útskýrði þess vegna hugtök vandlega. Virkri hlustun var beitt á meðan á viðtali stóð og voru punktar skráðir eftir að viðtölum lauk. Þá var horft á þætti sem höfundi þóttu athyglisverðir og skráð niður, svo sem áhugaverðar áherslur þátttakenda, óvæntar upplýsingar eða mikilvægar hugmyndir. Bæði viðtölin voru hljóðrituð og skráð orðrétt niður. Aðferðin við greiningu gagnanna var þemagreining. Gögnin voru síðan borin saman á milli hópa og textinn flokkaður í þemu og þau borin saman milli viðtala (Braun og Clarke, 2006, bla. 16–23; Sóley Sesselja Bender, 2021, bls. 289). Við greiningu gagna fundust fjögur þemu sem gefa

innsýn inn í upplifun og reynslu viðmælanda varðandi undirbúning og móttöku barna flóttamanna inn í eitt sveitarfélag á Íslandi og hvernig samstarfið við skólaljónustu sveitarfélagsins var háttað á þeim tíma. Þau voru 1) Undirbúningur og fræðsla. 2) Eðli leikskólastarfsins, auk undirþema, sem eru aðlögun, foreldrabátturinn og aukið álag. 3) Ákall leikskóla eftir auknum stuðningi. 4) Ósk um aukin samskipti á milli stofnanna.

## 6.5 Álitamál og siðferðileg atriði

Stuðst var við staðfestingaraðferð til að auka réttmæti og áreiðanleika rannsóknarinnar, var það gert með því að ígrunda allt rannsóknarferlið um leið og það hófst og atriði höfð í huga sem gætu mögulega ógnað réttmætinu. Nægur tími var meðal annars gefinn fyrir viðtölin, rannsóknargögnin voru ígrunduð vel á meðan greining gagna og þemavinnan var í vinnslu, þá leitaði höfundur til einstaka þátttakenda til þess að staðfesta skilning hans á svörum þeirra (Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2021, bls. 226–232). Sömuleiðis rýndi höfundur reglulega í viðeigandi kafla handbókarinnar *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (Sigríður Halldórsdóttir, 2021).

Allir þátttakendur skrifuðu undir upplýst samþykki vegna rannsóknarinnar (sjá viðauka 5) og staðfesti það þátttöku þeirra, þar sem þeim var gert ljóst í hverju þátttakan felst í ásamt rétti þeirra til að hætta við þátttöku eða sleppa því að svara einstökum spurningum.

Rétt er að taka fram að rannsóknin var framkvæmd í sveitarfélagi þar sem höfundur þekkir til og við það skapast mögulegar takmarkanir. Út frá því þurfti höfundur að gæta hlutlægni sinnar við vinnslu á gagnaöflun og gagnagreiningu og reyndi eftir fremsta megni að gera sig hlutlausan varðandi alla þætti er viðkoma rannsókninni og hugði að réttmæti hennar í gegnum allt

rannsóknarferlið (Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2021, bls. 224–225).

Sömuleiðis gerði höfundur sér grein fyrir að stærð rýnihópanna var misstór og er það vegna þess að hóparnir vinna á sitthvorri stofnuninni, önnur er fámenn en hin fjölmennari í tiltölulega fámennu sveitarfélagi og stærð sveitarfélagsins hefur þannig áhrif á fjölda viðmælenda (Sóley Sesselja Bender, 2021, bls. 283).

Þar sem um eigindlega rannsókn er að ræða eru niðurstöður ekki yfirfæranlegar á aðrar sambærilegar aðstæður. En þessi tiltekna rannsókn hefur eftir sem áður gildi fyrir vettvanginn almennt. Eins og fram kom í fræðilega kaflanum þá hafa sveitarfélögin á Íslandi ólíkar stefnur er kemur að skóla án aðgreiningar og hvernig móttöku flóttamanna er háttað.

## 7 Niðurstöður

Í þessum kafla verður greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar út frá þeim fjórum þemum sem gagnagreiningin leiddi í ljós, þau eru: 1) Undirbúningur og fræðsla. 2) Eðli leikskólastarfsins, auk undirþema, sem eru aðlögun, foreldrabátturinn og aukið álag. 3) Ákall leikskóla eftir auknum stuðningi. 4) Ósk um aukin samskipti á milli stofnanna.

Til hagræðingar verður fjallað um leikskólahóp í staðinn fyrir leikskólarýnihóp, þeir viðmælendur sem samþykktu að taka þátt eru úr hópi stjórnenda, kennara og annarra starfsmanna í leikskóla. Að sama skapi verður fjallað um skólabjónustuhóp í staðinn fyrir skólabjónusturýnihóp, en þar samþykktu allir að taka þátt að undanskildum einstaklingi innan velferðarnefndar.

### 7.1 Undirbúningur og fræðsla

Upplifun viðmælenda í leikskólahópi er sú að það hafi enginn ákveðinn undirbúningur verið skipulagður í skólasamfélaginu eða í leikskólanum sjálfum áður en barn flóttamanns byrjar í aðlögun í leikskólanum. Reynsla starfsmanna leikskólans er sú að skólabjónusta sveitarfélagsins veiti engar upplýsingar um tiltekin börn sem hafa komið í sveitarfélagið með flóttamannabakgrunn og jafnframt var engin fræðsla veitt um börnin áður en þau byrjuðu í aðlögun. „Það er mikil brotalöm varðandi börn flóttafólks með upplýsingagjöf frá skólabjónustu. Já hún er engin.“ nefnir Elísa og segir sömuleiðis:

... ég fékk engar upplýsingar, ég fékk bara barnið í fangið. [...] þá hefur komið barn hér inn og einu upplýsingar sem ég fékk var að ... barnið

kæmi hingað með stöðu flóttamanns, engar aðrar upplýsingar ... frá sveitarfélaginu.

Tóku allir viðmælendur í leikskólahóp undir þessi orð, rætt var sömuleiðis að erfitt getur verið að búa sig undir komu barnsins án þess að hafa bakgrunnsupplýsingar.

Í viðtali við skólaþjónustuna kom fram að ábyrgðin á undirbúningi lægi alfarið hjá leikskólanum, bæði að undirbúa komu barns flóttamanns og að afla upplýsinga um stöðu barnsins. Hafði Bára þetta að segja:

Sko yfirleitt er ferlið bara þannig að við sem sagt, velferðarsviðið hefur samband við okkur, þetta er í gegnum þau og við tökum bara á mótí umsókn, eins og öðrum umsóknum. Svo úthlutum við plássi og það er eiginlega leikskólarnir sem að ... und ... undirbúningurinn fer eiginlega ekki fram hjá okkur, heldur fer það fram í leikskólanum og líka miða við hvað barnið er gamalt.

Ákveðin móttökuáætlun fyrir komu barna af erlendum uppruna ætti að vera til í hverjum skóla sveitarfélagsins og hægt væri að notfæra sér þá áætlun við móttöku barna flóttamanna. Skólaþjónustan tjáði sig um það að þau taka bara við umsóknum um dvöl barna flóttamanna, en að velferðarnefndin sæi nær alfarið um börn flóttamanna í samfélaginu, jafnframt að mun meiri samvinna væri á milli velferðarsviðs og leikskólastjóra, sagði Anna:

Samvinnan er miklu meiri á milli velferðarsviðs og leikskólastjóra, en það er ákveðið móttökuáætlun sem að leikskólastjórar fara eftir og vinna með velferðarsviði. Þannig að þetta er svolítið svona ... uh ... þetta er algjörlega í anda farsældarlaganna, þau vinna þetta saman og grípa þetta saman þannig að manneskja sem er flóttamaður þarf ekki að hlaupa á milli.

Aftur á mótí könnuðust ekki allir viðmælendur í leikskólahópi við þá samvinnu með velferðarsviðinu.

Báðir hópar töluðu þó um að fyrir um það bil fimm árum hefði verkefnastjóri hjá velferðarsviði sveitarfélagsins séð um að taka á móti flóttamönnum inn í samfélagið og ásamt Rauða krossinum veitt fræðslu til skóla í sveitarfélaginu. Þá hafi einhver undirbúningur átt sér stað samkvæmt Ingu, viðmælanda í leikskólahópi:

Það var undirbúningur, við fengum að vita að það væri að koma fólk. Það kemur frá Rauða krossinum með sem sagt leiðbeiningar um þú veist, hvernig er að vera flóttamaður, hvernig er að taka á móti. Þeir voru bæði með fyrir skólann okkar og sem sagt almennt þar sem fólk gat farið og fengið að vita hvað væri ... svolítið hvernig hafði aðdragandann verið ... en svo þegar það var komið inn í leikskólann sjálfan sem slíkt að þá var þetta ekki mjög ... ekki mjög ... hmm ég veit eiginlega ekki hvað ... stoðþjónustan í kringum það var kannski ekki mjög góð. Þegar að maður var kominn með fólk.

Töldu viðmælendur í leikskólahópnum þörf fyrir skýrari verkferla í kringum börn flóttamanna sem koma ný inn í skólasamfélagið og talaði einn viðmælandi um að leikskóli sem er óundirbúinn og hefur ekki þekkingu á málefnum, nái ekki að sinna þessu verkefni nægilega vel. Því töldu viðmælendur leikskólahóps nauðsynlegt að fá góðan undirbúning áður en barnið kemur inn í leikskólann og sömuleiðis halda þau því fram að þau hefðu getað gert þetta betur hefði sá undirbúningur verið. Hafði Dagný þetta að segja:

Þetta er akkúrat það sem að okkur vantar. Við erum alltaf að lenda í allskonar aðstöðu þar sem við vitum ekki. Þetta er bara hent í fangið á okkur. [Starfsmaður] fær bara þetta í fangið og það bara klórað sig í gegnum þetta og finna út hvað er að. En ef við fengum undirbúning þá hefði barnið bara farið annað eða eitthvað. Skiljið þið, við hefðum tekið á þessu öðruvísi.

Vísar Dagný hér í þann menningarmun sem einn starfsmaður upplifði að hafi haft áhrif á aðlögun í leikskólanum. En einn starfsmaður og viðmælandi í



leikskólahópnum átti erfitt með að ná tengingu við barnið og upplifði ákveðinn menningarmun út af því.

Þó mörg ár séu liðin síðan fræðslan, sem nefnd er hér að framan, átti sér stað í sveitarfélaginu nefndi Hildur, einn viðmælenda í leikskólahópum, að gott væri að hafa endurtekna fræðslu um þetta málefni reglulega:

Já sífræðsla eða þannig, þetta þyrfti kannski ekki að vera mikið en bara til þess að undirbúa starfsmenn og þá eru þeir starfsmennirnir öruggari í því sem þeir væru að fást við því þeir oft bara ... vita ekki hvað þeir eiga að gera hreinlega.

Voru allir viðmælendur leikskólahópsins sammála þessu og telja að æskilegt sé að þeir sem vinna inni á deildum með tilteknum börnum fái einhverja fyrirfram fræðslu til undirbúnings, áður en barn byrjar í leikskólanum. Myndi það veita starfsmönnum meira öryggi í starfi, sérstaklega í ljósi starfsmannaveitunnar sem er algeng í leikskóla, eins og Hildur leggur til málanna:

Já, ég held að það myndi bara veita þeim meira öryggi í því sem þeir eru að fást við af því þetta er erfitt. Og það er náttúrulega, þó að kannski þessi ákveðni hópur sé búinn að fá fræðslu að þá er alltaf verið að skipta um fólk þannig að ég held að þetta væri mjög ... eins og ég segi að þetta myndi auðvelda starfsmönnum.

Skólaþjónustan hefur ekki skipulagt eða veitt neina fræðslu til leikskólastarfsmanna en nefnir Bára viðmælandi í skólaþjónustuhópi að hún áframsendi áhugaverð námskeið til leikskólastjóra:

Núna bara í haust þá var Kennarasambandið með fræðslu einmitt um þetta efni. Og ef ég fæ upplýsingar um slíka fræðslu þá sendi ég þetta alltaf út. Þetta var tekið upp og eru hvattir til þess að láta starfsmenn líka horfa á. Við höfum ekki verið með sérstaka fræðslu um þetta málefni ... alls ekki.

Skólabjónustan ræddi jafnframt um að það sé í höndum skólastjóra að miðla áfram þeirri fræðslu sem þjónustan sendir á skólann og nefnir Bárá:

ég hef hvatt þá til þess að ... ég veit að þarna ófaglærðir eru bara með tvo tíma í undirbúning á viku. En að hvetja fólk til þess að nýta undirbúning til þess að horfa á eitthvað svona fræðsluefni ... af því það er til ...

Þó svo að fræðslan sé send áfram með tölvupóstum, má velta fyrir sér hvort að um sé að ræða þá fræðslu sem skólinn þarf á að halda hverju sinni. Ræddi Dagný, viðmælandi leikskólans um það að vita ekki hvar maður ætti að sækja sér efni til fræðslu: „Hvað eigum við að lesa um? Um hvað á ég að fræðast í sambandi við þetta barn? Hvert get ég farið og leitað?“. Voru flest allir viðmælendur í leikskólahópnum sem tengdu við þessa upplifun Dagnýjar. Anna, viðmælandi í skólabjónustuhópi, nefndi jafnframt að það væri sniðugt að hafa slíka fræðslu á starfsdögum því „ef að fólk er ekki að sækja sér þetta sjálft þá er þetta kannski eitthvað sem við þurfum kannski að fara hafa á starfsdögum ...“.

En þrátt fyrir að starfsmenn séu hvattir til þess að leita sér upplýsinga og fræðast í undirbúningsímanum sínum er ekki alltaf hægt að áætla að sá tími fáiist eins og Inga, viðmælandi í leikskólahópi, talaði um út frá eðli leikskólastarfsins, af því að börnin gengju fyrir:

Já og þegar að ég heyri þig segja „já notaðu undirbúningstímann þinn í þetta“ já allt í lagi ég nota undirbúningstímann í þetta, en undirbúningstími er samt ekkert guarantee það er ekkert sem þú treystir á. Fyrir utan það að þú þarft líka að undirbúa eitthvað fleira og þá er spurning: hendir maður bara öllu út og nú bara ætlum við að komast að í dag og það þýðir það að það sem er okkur upp á lagt að við eigum að færa fram fyrir börnin ... þetta er bara eru ung börn ... nú ætla ég bara henda þessu, nú ætla ég bara að komast að í dag, reyna að allir haldi sönsum, allir haldi heilsu ... og og og geti verið svona þokkalega glaðir.

Inga vísar hér til þess að margir kennarar og starfsfólk leikskóla sleppi iðulega undirbúningi þegar það er álag inn á deildum eða undirmönnun í skólanum. En aðeins nokkrir starfsmenn leikskólans fóru og sóttu sér fræðslu á eigin vegum utan vinnutíma. Elísa ræddi síðan að auki um þá kröfu sem hún upplifir af hálfu yfirvalda:

... ég finn að mig vantar fræðslu, mig vantar að vita hvert ég get leitað, í hvaða gagnabanka get ég farið til þess að getað sett upp eh hérna, verkferla fyrir minn leikskóla. Ehm, þú veist, ég er menntuð og ég fæ allskonar skilaboð að ofan um það að ég eigi að vera að sinna þessu og sinna hinu. Í rauninni þarf leikskóli, sérstaklega kannski leikskóli sem fær fleiri en eitt flóttabarn inn í einu. Hann þarf svolítið að fara í verkefni og þarf kannski að setja eitthvað út á meðan, af því að þetta er bara rosalega stórt og mikið fyrir alla í leikskólasamfélaginu á meðan á þessu stendur.

Sömuleiðis talaði hún um að vilja geta dregið úr álagi og sleppt ákveðnum kröfum þegar verið er að takast á við flóknari verkefni:

Mér finnst að ég þurfa að hafa svigrúm til þess að geta dregið úr álagi á sumum stöðvum til þess að mæta auknu álagi á öðrum stöðvum. Ég finn að ég kann það ekki almennilega, en ég finn að ég þarf að gera það. Ég þarf að getað létt á starfsfólkinu, hérna kröfum um ákveðna hluti. Til þess að geta mætt auknum kröfum á öðrum stöðum ...

Inga veltir síðan fyrir sér hversu margir starfsmenn leikskóla vinni í raun og veru mikla sjálfboðavinnu heima hjá sér til þess að ná að halda utan um skólastarfið. En ekki að því marki að einstaklingurinn sé að bjóðast til þess, heldur neyðist frekar til þess: „Það er bara fullt af fólki að gera allskonar heima hjá sér sem það fær ekki greitt fyrir. Af því að til þess að geta staðið undir kröfunum. Og hvaða réttlæti er í því?“ spyr hún í lokin.

## 7.2 Eðli leikskólastarfsins

### Aðlögun

Þá má túlka það sem svo að viðmælendur í leikskólahópnum hafi upplifað sig óundirbúna undir það að taka á móti barni flóttamanns og sögðu viðmælendur skólalþjónustunnar að þeir tækju engan þátt í aðlögun þessara barna. Móttakan væri í raun skipulögð í samstarfi leikskólans og velferðarsviðs, en gerði skólalþjónustan jafnframt ráð fyrir því að aðlögunin væri lengri en annars væri og færi í raun eftir barninu sjálfu og foreldrum þess:

Ákveðið í rauninni eftir þörfum hvers og eins. Þú veist, hvernig blasir þetta við, hvernig ... hverjar eru þarfir foreldranna og barnsins og allt þetta sko ... og greina þetta svolítið ... þetta er í raun bara misjafnt eftir hverjum og einum. Þannig að svo kannski kemur eitthvað í ljós sem var ekki vitað í byrjun og þá bara tökum við ... mætum því.

nefnir Anna og Bára bætir við:

Það er yfirleitt miðað við að móttaka þeirra eins og barn ... Eða ... Já eða bara nýbúar með annað tungumál en íslensku, eða annað móðurmál en íslensku. Það er horft til þess, þeirrar móttökuáætlunar. En en, það er náttúrulega öðruvísi af því að tengingin er við velferðarsvið og þá eru þau kannski að fá aðrar upplýsingar um það. Jafnvel bakgrunnur barnsins, hvernig barnið er búið að ganga í gegnum einhverjar hörmungar, sem er jú yfirleitt. Þau eru orðnir flóttamenn. Að þá eru það einhverjar upplýsingar sem fara beint í leikskólann, þau koma kannski ekki til mín. Það er ekki fyrir en kannski lengra er haldið og það er óskað eftir aðkomu sálfræðings eða eitthvað meira.

Viðmælendur í leikskólahópi sögðu jafnframt að aðlögun þeirra hafi verið í líkingu við aðlögun annarra barna: „Maður fær bara barnið í fangið og svo átti maður bara að vinna með því eins og með önnur börn það var ekkert auka ...“ nefndi Dagný og voru allir viðmælendur leikskólahópsins sammála því og tóku fram að því þurfi að breyta. Spurt var í viðtali við leikskólahóp hvort einhver

utanaðkomandi hafi komið að aðlöguninni, þá svaraði Fjóla: „Uh nei það var bara foreldri, auðvitað ... “. En samkvæmt viðmælendum leikskólahóps hafði velferðarsvið enga aðkomu að þessari aðlögun sem Fjóla vísaði í. Bára, viðmælandi í skólaþjónustuhópnum nefndi þó að velferðarsviðið hafi samband við sig ef þörf er á því:

velferðarsviðið hefur alveg samband við mig ef þeim finnst einhver pottur brotinn í móttöku er að barninu kemur og þá leiðréttum við það og reynum að gera okkar besta. Þannig að það er alltaf svona samtal þó að maður sé kannski ekki innvinklaður í í aðlögunina, að þá er maður svona á kantinum maður veit af því og hérna fær upplýsingar.

Það er ljóst að allir viðmælendur í báðum rýnihópum töldu sig vera að gera sitt besta. Meðal annars sögðust viðmælendur leikskólahópsins hafa notað öll þau verkfæri sem þeir þekktu til á þeim tíma til þess að koma til móts við þarfir barnanna í gegnum aðlögunarferlið og fyrstu mánuðina eftir á. Aftur á móti töldu þau eftir á að hyggja að það væri ýmislegt sem hægt væri að bæta. Inga viðmælandi í leikskólahópnum hafði orð á því að hafa upplifað skólann illa undirbúinn fyrir móttöku barna flóttamanna inn í leikskólann og hafi það aukið enn frekar álag inn á deildinni

Og það er í rauninni ekki búið til svigrúm til að undirbúa sig eða aðlaga sig að svona aðstæðum. Þú ert bara í fullu jobbi sem er álagsjobb þó að það sé bara allt að ganga normalt. Svo kemur með svona í viðbót og það er í rauninni hvergi gert ráð fyrir að þessu mikla auka álagi. Hvar áttu að finna þér svigrúm? Þegar þar sem eftir sem áður erum við bara starfsfólk og manneskjur sem þolum kannski ekki endalaust álag. En það virðist vera gengið út frá því að það sé endalaust hægt að bæta á.

## Foreldrabátturinn

Elísa opnar síðan á nýja umræðu í rýnihópaviðtali leikskólans varðandi foreldra barna flóttamanna sem koma brotnir inn í samfélagið:

En svo gleymist í þessu líka að við erum ekki bara að fá barn í fangið, við erum að fá foreldrana líka sem eru mjög brotnir. Og það kemur alveg inn hjá okkur að við þurfum líka að hlúa að brotnum foreldrum.

Anna, viðmælandi í skólaþjónustuhópi ræddi sömuleiðis um að foreldrar þurfi meiri stuðning:

Stundum þurfa foreldrarnir líka bara meiri stuðning, eða þú veist meiri aðlögun. Þurfa kannski fundi fyrst og auðvitað getum við líka séð það bara á fólki sem býr á svæðinu ef að það getur verið að upplifa allskonar. Fyrst að fá fundi með leikskólastjóra, skoða leikskólann fá að hitta deildarstjórnann, svo þegar barnið byrjar þá vill það kannski vera ... að foreldrar fylgi því lengur, þetta er svona alltaf spurning um traust auðvitað og eðlilega vantroystir fólk, búið að upplifa allskonar. Þannig að við eiginlega bara, þetta er svo misjafnt eftir fólki. Ef það þarf meira þá fær það meira.

En upplifun Ingu, viðmælenda í leikskólahópnum, vísar í allt aðra atburðarás en það sem að Anna nefndi í skólaþjónustuhópi. Það má lesa í texta Ingu að foreldrarnir voru óundirbúnir og treystu ekki leikskólanum.

... og hjá okkur í aðlöguninni þá var þetta þannig að það var ekki bara barnið og foreldrarnir það var bara „hele familien“ sko. Við lentum alveg í því að þegar barn var í aðlögun að barnið var afhent okkur sko ... og hérna ... við vorum náttúrulega bara að hugga barnið eins og við gerum og sinna því og allt það og svo var krakkinn aðeins farinn kannski að jafna sig og leika sér. Kemur þá ekki bara öll fjölskyldan aftur og þá höfðu þau ekki meikað að skilja barnið eftir ... og þá voru bara allir komnir inn.

Og bætir síðan við:

og maður á erfitt með að tala við foreldrana og útskýra og gera. Þannig að við vorum að lenda í svona árekstrum sem að, ef að það hefði verið hægt að ræða saman, hefði maður kannski getað sloppið við allskonar þess háttar. Eins og börnin voru að koma á öllum tímum og ...

Því má velta fyrir sér hversu góður undirbúningurinn og aðlögunin var fyrir foreldrana. Inga upplifði mikla tungumálaörðugleika, sem hafði áhrif á samskipti við foreldra í hennar tilviki og því hafa komið upp árekstrar. Hún vísar til þess að undirbúningurinn og fræðslan hafi ekki verið nægileg á sínum tíma fyrir starfsfólk og foreldra. Hér hafði menningarmismunur áhrif á starfsemi leikskólans vegna þess að erfitt var að eiga í samskiptum og því urðu árekstrarnir margir og erfitt að eiga samtál um eðli leikskólastarfsins, eitthvað sem hefði, með betri undirbúningi getað komið í veg fyrir árekstra að mati Ingu. En erfitt var að fá tækifæri til þess að tala við foreldra sem hafa annað tungumál. Þegar spurt var um hvort henni hafi fundist þörf á meiri stuðningi þá svaraði hún:

Já, eða að hafa meiri aðgang að getað talað saman. Okkur var bent á „jú, þið getið hringt í þetta númer“ skilur þú og þar er einhver sem getur talað ensku sem að þið getið þá verið með símatúlkun eða þú veist. Þetta var svona allskonar einhvern veginn úrræði „jújú þið getið gert það“ „já okei, hvenær á ég að gera það? Hvernig á ég að fara að því?“.

Henni hafði verið sagt að það væri ákveðið númer sem hún gæti hringt í þegar henni vantaði túlk með foreldrum. Aftur á móti þá upplifði hún sig illa búna til verka þegar slíkar aðstæður sköpuðust og hún þurfti á túlki að halda. Þetta hafi verið léleg lausn fyrir mikilvægar aðstæður í skólastarfinu.

Að auki var rætt um stöðu foreldra og samskipti við þau. Viðmælendur í leikskólahópi höfðu orð á því að finna fyrir óöryggi þegar kom að samskiptum við þá foreldra og vissu ekki hvernig þeir ættu að nálgast þau, þar sem hjá sumum er enn þá stríð í gangi og velta þau fyrir sér siðferðilegu atriðunum í kringum það. Hafði Dagný þetta að segja:

Og þarna, svona ýmislegt sem ég er að hugsa ... en eins og við gerum, við bara gefum þeim hlýju og faðmlög og þú veist við vitum ekkert. Hvað

má ég spyrja um? Ég bara, stundum er ég að hugsa, „má ég spyrja foreldra hvernig ...?“ og ég er ekki komin þangað. Þú veist bara ... Það er svo margt svona sem ég er að þæla í í sambandi við foreldranna.

Og bætir síðan við:

Maður þorir ekki að fara þangað. Af því maður veit að það er aðskilnaður ennþá. Og maður er alltaf að hugsa „má maður spyrja“ þú veist hvernig er staðan en ... en þó kannski ... maður veit að það er enn þá svo erfitt, svo erfitt að ræða hlutina. Ég finna það. Það eina sem maður getur gert ... maður bara tekur þau í faðm, skilur þú, þegar maður talar við þau.

## Aukið álag

Aukið álag var áberandi í viðtalinu við starfsmenn leikskólahóps þar sem aðlögunin hafði gengið erfiðlega fyrir sig og tekið töluvert á öll börn og starfsfólk á deildinni, því ekki var gert ráð fyrir auknu stöðuhlutfalli á meðan aðlögunin gekk yfir. Töldu viðmælendur leikskólahóps að þeir hafi gert sitt besta með allt sem þeir höfðu til taks, meðal annars með því að veita meira svigrúm en vaninn er annars og hagræða starfsmönnum um leikskólann eftir því sem þurfti:

Já, það var sem sagt í rauninni. Uh það var auðvitað ákveðið svigrúm já, til þess að mæta barninu tilfinningalega og jafnvel eins og við fundum að það var tenging á milli barnsins og starfsmanns á [annarri deild] og færðum þann starfsmann um tíma. Þannig að það komu sem sagt, þeir sem náðu kontakt við barnið, þótt að þeir væru ekki endilega starfandi á [deildinni], komu að barninu á meðan það var að aðlagast.

Er upplifunin starfsmanna leikskólans aftur á móti sú að önnur börn hafi fengið minna á meðan aðlögun barns flóttamanns átti sér stað fyrstu mánuðina og því hafi staðan inni á deild verið krefjandi að sögn viðmælenda:

Það er bara aukið álag í leikskólanum [...] af því það er náttúrulega fullt af öðrum börnum sem hafa allskonar þarfir og, og auðvitað er reynt að



mæta þessum börnum ... með þeirrar tilfinningar og annað og þá sitja önnur börn á hakanum.

nefnir Elísa og útskýrir sömuleiðis að það hafi verið erfitt að mæta öllum nemendum eins og samstarfsfólk hennar vildi. Fjóra, viðmælandi í leikskólahópi, fór nánar út í sína upplifun og nefnir að það hafi verið í langan tíma sem hópurinn hennar fékk engan formlegan hópatíma eða skipulagða örvun með leik því barnið var alltaf í fanginu og fann svo lengi til óöryggis: „þá fékk minn hópur ekki almennilegan hópatíma í töluverðan tíma af því ég þurfti að sinna flóttamannabarninu miklu meira. Þarna var bara einhver, nokkrar vikur, mánuði.“ og telur viðmælandinn að það hefði getað verið fínasta hópastarf hefðu verið tiltækar auka hendur til að aðstoða á þessum tíma. Viðmælandur í leikskólahóp rökstuddu þessa upplifun í umræðum sín á milli. En þegar barn finnur fyrir óöryggi, á erfitt er stutt í grátinn og þurftu hópstjórar oft að sleppa öllu og sinna tilteknu barni. Þannig fékk það mun meiri umönnun heldur en önnur börn fyrstu mánuðina. Á meðan sátu önnur börn á deildinni á hakanum og fengu aðeins grunnþörfum sínum uppfyllt. Bætti Dagný síðan við:

Og börnin eru misjöfn og þarna líka ... þau taka svo mikið, þau gráta mikið og hafa hátt af því það er ekki kominn skilningur og þarna bitnar það á öllum hinum börnunum, og eru mikið í fangi. [...] Þetta er álag á hópinn, maður þarf líka að hugsa alltaf um hin [...] En hvað þurfa að taka lengi tillit, til þess að fá sitt?

Og vísar Dagný til þeirrar ábyrgðar sem hún upplifði að börnin sýndu á meðan aðlögun átti sér stað, með því að taka mikið tillit til aðstæðna og bætti Inga við:

... hvað þurfa hin börnin þá að gera til þess að fá þá sinningu sem þau þurfa? Vegna þess að þau sem eru stillt og þrúð, þau eru náttúrulega ... þau fá kannski lítið af því [...] þarf svo lítið fyrir þeim að hafa, því álagið er svo mikið hér ... svo er svona einn og einn og segja „hingað og ekki lengra, nú ætla ég að fara taka pláss“ þannig að það eykur álagið ennþá meira.

Taka viðmælendur undir og lagði Dagný þetta til málanna: „Fólk gerir sér ekki grein fyrir hvað það er mikið álag á starfsmanninum sem tekur á móti þessum börnum með heilum hóp [...] Þetta er rosalega mikið viðbótarálag og við erum ekkert að fá fyrir það.“ og bætir Elísa þessu við „Það er bara hjartasorg að geta ekki sinnt börnunum í hópnum sínum vel“ og vísar til umræðunnar um álagstímann sem fylgdi aðlögun barna flóttamanna og þá slæmu tilfinningu að önnur börnin sitji á hakanum fyrstu mánuðina. Þar sem viðmælendur leikskólahóps upplifðu mikið viðbótarálag og streitu töldu þeir þörf fyrir aukinn stuðning fyrir starfsmenn og börn fyrstu mánuðina á meðan barn flóttamanns er að aðlagast og finna öryggi í nýjum og krefjandi aðstæðum. Verður farið nánar út í þann þátt hér að neðan.

### 7.3 Ákall leikskóla eftir auknum stuðningi

Allir viðmælendur leikskólahóps höfðu orð á því að hafa upplifað mikið viðbótarálag og streitu, bæði fyrir sig og hin börnin á deildinni: „Þetta hefur streituáhrif ... þú veist, bara barn sem grætur og grætur af sársauka, andlegum sársauka hefur áhrif á alla í kringum sig“ greinir Elísa frá og bætir Gerður við: „Ég myndi vilja að það hafi fylgt stuðningur, [...] þótt það væri takmarkað, bara einn mánuð eða eitthvað“ og tóku allir viðmælendur leikskólahóps undir. Að auki kom fram ákveðin óskhyggja um að fá meiri stuðning, til að mynda í formi aukins stöðugildis, tímabundið á meðan mesta álagið gengur yfir. Hafði Gerður þetta að segja:

Ef það væri sett þak á það [...] „þið fáið tvo mánuði“ eða hvernig sem það væri, [...] að þá allveganna höfum við það svigrúm sem við töluðum um áðan þegar barninu er mætt með, þú veist tilfinningaviðbrögð, [...] líðan og annað [...]. Ég get ekki ímyndað mér álagið sem var á kennurunum hérna inni, að sjá um allan skarann og svo þetta í ofanálagi sko. Barn sem að upplifir svona hluti ...

Viðmælendur í leikskólahóp voru sammála því að á meðan barn flóttamanns væri að finna öryggið sitt í krefjandi aðstæðum og að aðlagast nýju umhverfi, tungumáli og fólki, hefði verið gott að hafa fleiri hendur til taks. Þegar spurt var um hver ætti að veita það svigrúm, leikskólinn eða sveitarfélagið svaraði Elísa:

Sko sveitarfélagið hlýtur að þurfa að koma að þessu, vegna þess að sveitarfélagið tekur ákvörðun um hérna ... að bjóða flóttafólki velkomið. Sem að er mjög gott og gilt, svo lengi sem að því er sinnt fallega. Það er ekki verið að sinna því fallega með því að henda inn auknu álagi, sem bitnar á barni og bitnar á börnum og bitnar á starfsfólki og bitnar á foreldrum. Og það, þetta eru bara þættir sem þarf að hugsa um.

Síðar kom fram að samkvæmt viðmælendum leikskólahópsins hefur ekki verið veitt aukið fjármagn til skóla sem tekið hefur á móti barni flóttamanns. Hafði Inga þetta að segja: „Þetta ætti sem sagt að vera auka fjármagn frá þeim sem að taka ákvörðun um að hér eigi að koma flóttafólk. Þá er ekki bara hent því inn í skólann fjármagn miða við að allir séu Íslendingar“ og heldur áfram:

Nei ég er að segja, ég held nefnilega að það er svo oft horft á að spara fjármagnið. Þú veist, já það er bara svo dýrt að reka leikskóla og allt það. En ég held nefnilega að spara of mikið komi út sem dýrara fyrir rest.

og útskýrir nánar

Meina að kennari sem eru í vinnunni sinni og heldur heilsu í vinnunni, hlýtur að vera verðmætari en kennari sem er í svo miklu álagi að hann brotnar að þá ertu með tvo á launum til þess að sinna því sem átti að vera einn, af því að þú varst svo mikið að spara í kostnaði að þú ætlaðir bara að hafa lágmarksmönnun sko, helst ekkert umfram það sem þarf að vera og hafa þetta allt eitthvað svona. Ég vil meina að til lengri tíma sé það dýrara ...

Í viðtali við skólaþjónustu sveitarfélagsins kom fram að þau veita engan formlegan stuðning til starfsemi leikskóla í sveitarfélaginu varðandi börn flóttamanna. Fram kom að leikskólar sveitarfélagsins nota ákveðið líkan til að

raða inn starfsfólki eftir þörfum. Inn í því líkani má reikna með stöðugildi sem er hugsað til þess að styðja við börn sem þurfa á því að halda. Þá er verið að tala um tímabundinn stuðning eða einhverja aðstoð og geta ástæður stuðningsins verið margvíslegar. Til dæmis aðlögun tvítyngdra barna, hegðunarerfiðleikar inni á deild, tilfinningaerfiðleikar barna og þess háttar. Talar Bárá, viðmælandi í skólabjónustuhópi um að það ætti að vera svigrúm þarna innan til þess að veita þessa auka þjónustu:

Við erum með leikskólalíkan, sem að við hérna setjum inn ... sem sagt röðum inn starfsfólki að sem sagt hausti já. Inn í því eru 32% stöðugildi sem er hugsuð einmitt til þess að styðja við börn. Uh börn sem eru ekki með íslensku eða ... annað hvort þurfa þau einhver tímabundinn stuðning eða einhverja aðstoð ... og og ... Þannig það ætti að getað komið, svona tímabundið að geta tekið tvo, þrjá mánuði. Þú veist ... þú metur náttúrulega líka hvert barn fyrir sig. En það ætti að vera svigrúm þarna innan til þess að veita svona auka þjónustu.

Skólabjónustan nefnir einnig að þetta aukastöðugildi er fyrir utan sérkennsluna. Leikskólastjórar eiga síðan að hagræða þessari prósentu og sjá um að úthluta henni innan veggja skólans og er það alltaf sama tala óháð því hversu mörg börn þurfa kannski á slíkri aðstoð að halda yfir skólaárið: „Þannig ef það þarf að takast á við erfiða hegðun eða eitthvað er þetta stöðugildi sem á að vera hægt að grípa í og færa á milli, bara eftir því sem ástæða þykir“. Í þessu tilfelli gæti leikskólastjórinn skipulagt þetta auka stöðugildi fyrir barn flóttamanns meðan á aðlögun stendur og ákveðin tíma eftir það, bætir Bárá þessu við:

leikskólastjórinn hefur þess ... þetta viðbótarprósentur ... hann getur úthlutað því. [...] Þannig að þeir úthluta þessu svolítið. En svo ef að það kemur kannski upp sú staða að við þurfum að taka inn börn mjög snögglega að þá er það alveg í hans höndum hvernig hann nýtir þetta – hvort að það er ... til þess að halda svolítið utan um þennan hóp.

En þessi prósentu er „meira til að grípa þessi sem er á gráa svæðinu“ eins og Anna nefndi í viðtalinu. Samkvæmt skólalþjónustunni er ekki alltaf hægt að bæta við fullu stöðugildi, það þarf stöðugt að meta aðstæður og sjá hvort hægt sé að finna fjármagn annars staðar sem hægt væri að nýta á öðrum vettvangi. Stundum er svigrúm til þess að setja stuðning á barn sem glímur við erfiðar aðstæður, barninu til hags, en það er ekki alltaf þannig. Anna greinir jafnframt frá því að það þurfi stöðugt að meta aðstæður og sjá hvort að hægt sé að finna fjármagn annars staðar frá og forgangsraða öðruvísi:

Það er bara, stundum er það þannig að við erum bara búin með pottinn. Og þá þurfum við bara vera ... við þurfum að meta aðstæður og ... getum við tekið þetta einhvers staðar annars staðar frá? ... getum við forgangsraðað? Þú veist ... stundum er það bara raunveruleikinn sem við stöndum frammi fyrir.

## 7.4 Ósk um aukin samskipti á milli stofnanna

Skólalþjónustan sjálf er ekki í beinum samskiptum við leikskóla sveitarfélagsins þegar barn flóttamanns kemur inn í samfélagið, en samkvæmt henni fara mest öll samskipti fram á milli velferðarsviðs og leikskólans, nema að um eitthvað frávik sé að ræða, hafði Anna þetta að segja:

Ekki við á skrifstofunni nema eins og Bára sagði, nema það eru einhver frávik ... þú veist ef það er útlit fyrir að það séu þroskafrávik eða gangi illa að tala ... að læra íslensk mál eða móðurmál eða eitthvað svoleiðis.

Skólalþjónusta sveitarfélagsins telur að þau séu í raun að stytta keðjuna, með því að láta öll samskipti fara á milli leikskóla og velferðarsviðs. En Bára nefndi: „Það væri verið að lengja í keðjunni ef við færum að koma hérna inn í ....“ og bætti Anna við: „Við erum að stytta hana í rauninni“.

Aftur á móti töldu viðmælendur í leikskólahópnum þörf fyrir meiri sýnileika skólalþjónustunnar í leikskólanum. Hildur taldi að skólalþjónustan ætti

að koma í heimsókn og taka stöðuna á framgangi mála þegar einhver tími er liðinn frá því að barn flóttamanns kom í leikskólann og voru allir viðmælendur leikskólahópsins sammála því. Þegar spurt var um hver beri ábyrgð á að fá skólaþjónustuna í leikskólann töldu viðmælendur að skólaþjónustan ætti að vera meðvituð um að barn flóttamanns sé komið í leikskólann og hafa með því ákveðna eftirlitsskyldu með barninu, þar sem sveitarfélagið er sú stofnun sem ákveður að bjóða flóttamönnum í samfélagið. Elísa hafði þetta um málið að segja:

Sveitarfélagið tekur ákvörðun um að taka ... hérna veita fólki búsetu. Og að það sé einhver ábyrgð sem að liggur þar á upplýsingagiöf til þeirra sem að þessu fólki kemur. Það sé ekki bara sagt „það eru að koma hérna fjórtán fjölskyldur inn í samfélagið okkar og þið fáið fimm börn inn í ykkar leikskóla“ og bara takk og bless þið finnið út úr þessu.

Skólaþjónustan telur sig samt vera vakandi yfir þeim börnum sem þurfa á einhverri aðstoð að halda, að meðtöldum börnum flóttamanna og eru í góðum samskiptum við leikskólastjóra. Þó má lesa það út úr gögnum í viðtali við leikskólahóp að viðmælendur upplifi það samband vera í algjöru lágmarki. Þá er spurning hvort leikskólar sveitarfélagsins séu meðvitaðir um þann valmöguleika að óska eftir aðkomu skólaþjónustunnar inn í leikskólann til þess að gera athuganir, leiðbeina, ráðleggja og kanna aðstöðu. En fram kom í viðtali við skólaþjónustuhóp að:

Það er hægt að óska eftir því að ég komi og það hefur alveg verið gert. En ég verð að segja að það það er alltof lítið gert af því að óska eftir minni aðkomu til þess að fylgjast með eða koma með ráð.

Þá töluðu viðmælendur í leikskólaópnum um að það þurfi að vera meiri samvinna á milli skólaþjónustunnar og leikskóla sveitarfélagsins þegar að þessu málefni kemur og útskýrt nánar á þá leið að ef sveitarfélög og leikskólar séu

óundirbúin til þess að takast á við þessa áskorun þá sé hætta á að jaðarsetning eigi sér stað:

Af því að þetta líka hefur gríðarleg áhrif: Hverskonar þjóðfélagsþegn verður þetta barn sem kemur hérna inn til mín? Eh nær það fótfestu í samfélaginu eða verður það jaðarsett af því að við höfum ekki sinnt því nógu vel? Þetta skiptir gríðarlegu máli hvernig þetta fjölmeningarsamfélag þróast.

Báðir rýnihópar töldu þetta viðfangsefni vera ákveðna vitundarvakningu um málefnið og tjáðu þörf fyrir aukna samvinnu í framtíðinni á milli leikskóla sveitarfélagsins og sömuleiðis við skólaþjónustu þess. Umræða kviknaði í leikskólahópnum um að hafa sameiginlegan gangagrunn hjá sveitarfélaginu þar sem allir leikskólar þess gætu sótt sér efni, til dæmis um málefni flóttamanna. Náði einn viðmælandi í leikskólahóp að fanga mikilvægi þess ágætlega í sinni umræðu:

Það getur verið mismunandi á milli [stjórnenda] hvort ég átti mig á því hvað á ég að fræða starfsfólkið um. Þess vegna er heildar gagnagrunnur mjög mikilvægur þar sem er búið að færa inn, skilur þú, alla flórana sem að hefur eitthvað að segja í þessum málum.

Viðmælandur í leikskólahópnum gerðu grein fyrir því að leikskólastjórinn bæri ákveðna ábyrgð á að leita upplýsinga og miðla þeim áfram til starfsmanna leikskólans. En út af því að hver leikskóli starfar misjafnt eftir þeim mannskap sem þar starfar fer þekking og áhugasvið leikskólans að miklu eftir stöðunni að þessu leyti. Að því sögðu töldu viðmælandur í leikskólahóp mikla ábyrgð liggja hjá skólaþjónustunni um að veita upplýsingar og fræðslu til starfsmanna allra leikskóla sveitarfélagsins þegar tiltekin börn eru væntanleg og þó að tölvupóstar séu áframsendir um ákveðna fræðslu og fyrirlestra, þá dugar það ekki til. Einn viðmælandi leikskólahóps greindi frá því að hann finni fyrir þörf til þess að móta stefnu sem nær yfir alla skólana í sveitarfélaginu. Tók annar

viðmælandi undir mikilvægi þess að það þurfi að undirbúa starfsmenn leikskóla um stöðu barna flóttamanna, menningar-, trúarbragða- og tilfinningarlega séð út frá hverju barni.

Hafði einn viðmælandi leikskólahóps orð á því að það sé mikið á hvern leikskóla sveitarfélagsins lagt ef hver og einn leikskóli væri alltaf að finna upp hjólið, í staðinn fyrir að þessi gagnagrunnur væri til. Leikskólahópurinn talaði jafnframt um að erfitt geti verið að afla sér upplýsinga þegar ekki er vitað hvaða upplýsinga er þörf á. Rökstyður Elísa þessa hugmynd ágætlega:

... þú veist ekki hvaða upplýsingar þig vantar, þú hefur bara ekki þekkinguna á því að hverju ég á að spyrja. Það þarf að vera þekkingarbanki sem að þú getur leitað í sem að segir þér hvað þú þarft að vita. Ég get ekki ætlast til þess að, sko, ófaglærða fólk að það viti hvaða spurninga ég á að spyrja til þess að mæta barni sem að kemur hérna traumatized og foreldri líka. Ég get ekki ætlast til þess að ófaglært fólk viti þetta og ég get eiginlega heldur [ekki] ætlast til þess að hérna kennarar, menntað fólk með mis gamalt nám, vegna þess að bara fjölmenningshugtakið og skóli án aðgreiningar og þetta, þetta er það nýtt að það er fullt af kennurum sem eru menntaðir fyrir þann tíma. Eh og þess vegna veit maður ekki hvað ég þarf að kunna og vita.

Viðmælendur leikskólahóps telja að svona tiltekinn gagnagrunnur myndi einfalda töluvert vinnuna fyrir starfsfólk leikskólanna. Þannig ná leikskólar sveitarfélagsins mögulega að vinna meira saman, vinna saman í átt að sameiginlegum markmiðum, sérstaklega í ljósi þess að nokkrir leikskólar sveitarfélagsins sameinast um eina fimm ára deild áður en farið er í grunnskóla.

Viðmælendur í leikskólahópnum finna þörf fyrir að móta stefnu hjá sveitarfélaginu til þess að grípa betur inn í þegar aðstæður eru þannig, það er að segja þegar börn flóttamanna eru að koma inn í leikskólasamfélagið. Engin föst stefna er í sveitarfélaginu núna. Það verða að vera fastir verkferlar á mörgum sviðum sem ættu að tryggja að hvert einasta barn fái að njóta sömu



menntunar í sveitarfélaginu, sem og á öllu landinu. Það á ekki að byggjast á metnaði kennara eða starfsmanna að veita börnum þá menntun sem aðalnámskrár kveða á um.

Þessi hugleiðing kom einnig fram í rýnihópaviðtali við skólaþjónustu sveitarfélagsins og er hún vakandi yfir því að samræma og endurskoða þurfi verkferla og áætlanir á milli skóla í sveitarfélaginu á nokkurra ára fresti. Hafði annar viðmælenda í skólaþjónustuhópi þetta að segja:

Við vorum einmitt að ræða þetta bara á [stjórnenda] fundi um daginn að samræma okkur. Þannig að þetta væri eins. Þessi áætlun, alveg eins og allar aðrar, þannig að þetta er í vinnslu og við erum ... þær eru til, en við getum alltaf gert betur. Endurskoðum, við þurfum að gera það. Það er svolítið síðan við gerðum þessar áætlanir.

Og fer nánar út í það sem að leikskólahópurinn talaði líka um. Skortur er á samvinnu á milli leikskóla í sveitarfélaginu og gott væri að bæta það í náninni framtíð. Bára bætir við:

Það verða allir öruggari í sínu og ef maður er ekki viss þá gæti maður hringt í næsta leikskóla og þarna „bíddu, hvernig þarna vinnið þið þetta? [Við] höfum skrifað að við eigum að gera þetta svona, finnst ykkur þetta vera að virka?“ Þannig að hérna og líka leiðirnar, ekki bara hafa áætlun heldur líka hafa leiðir hvernig við gerum þetta.

Það er löngun hjá báðum hópum að auka samskipti og samræma áætlanir á milli leikskóla sveitarfélagsins svo þær verði skilvirkari fyrir heildina og þannig verða allir öruggari í sínu starfi.

## 8 Umræður

Niðurstöðurnar hér að ofan eru byggðar á tveimur rannsóknarspurningum sem lagt var upp með í upphafi þessarar rannsóknar. Reynt hefur verið að svara því hvernig staðið var að undirbúningi fyrir komu barna flóttamanna inn í íslenskt leikskólakerfi hjá einu sveitarfélagi og hvernig samstarf milli skólaþjónustunnar og leikskólans hafi verið háttað. Sömuleiðis var leitast við að kanna hver upplifun starfsfólks leikskóla sveitarfélagsins væri af undirbúningi fyrir komu barna flóttamanna, og reynslu þeirra af aðlögun og samskipti við skólaþjónustu sveitarfélagsins yfir aðlögunartímann. Í þessum kafla verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar ræddar út frá fræðilegu samhengi og bornar saman við lög, opinber gögn og lagaumgjörð.

Þegar á heildina er litið benda niðurstöðurnar til þess að undirbúningi fyrir komu barna flóttamanna inn í eitt sveitarfélag á Íslandi sé verulega ábótavant. Meðal annars kom í ljós að samstarf milli skólaþjónustunnar og starfsmanna leikskólans sé mjög takmarkað og jafnvel ekkert fyrir komu barna flóttamanna í leikskólann. Að auki upplifðu starfsmenn leikskólans töluvert viðbótarálag, bæði hjá sjálfum sér og hjá börnum innan deildarinnar á meðan aðlögunin átti sér stað og fyrstu mánuðina á eftir. Starfsfólk taldi einnig mikið skorta á stuðning frá skólaþjónustunni og vildu gjarnan vera í auknu samstarfi við skólaþjónustuna í framtíðinni. Starfsfólk skólaþjónustunnar var sammála því, að það þurfi meira og betra samstarf á milli þessara tveggja stofnana, sem og á milli allra leikskóla sveitarfélagsins.

## 8.1 Undirbúningur fyrir komu barna flóttamanna

Þó nokkur ár eru liðin frá því að sveitarfélagið fór í umfangsmiklar aðgerðir þegar það tók á móti mörgum fjölskyldum flóttamanna inn í samfélagið. Velferðarsvið sveitarfélagsins og Rauði krossinn höfðu þá veitt ágæta fræðslu til skóla sveitarfélagsins, eins og fram kom í niðurstöðum rannsóknarinnar, en skortur var á eftirfylgni, samkvæmt einum viðmælenda í leikskólahópnum. Nú, mörgum árum síðar hefur mikil starfsmannavelta í leikskólum sveitarfélagsins haft neikvæð áhrif á að þessi faglega þekking innan leikskóla sveitarfélagsins næði að viðhaldast og að jafnaði hefur engin fræðsla um stöðu barna flóttamanna verið veitt frá sveitarfélaginu og skólaþjónustu í mörg ár. Samkvæmt gögnum þessarar rannsóknar eru einstaklingar hvattir til þess að nýta sér fræðslu sem veitt er annars staðar og þá á eigin vegum, en það gerðu einhverjir viðmælenda í leikskólahópnum á sínum tíma. Þá má velta fyrir sér hversu skilvirkar slíkar aðgerðir eru fyrir faglega skólastarfið í heild, þegar ábyrgð á mikilvægri fræðslu innan veggja skólans er velt yfir á einstaka starfsmenn.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á starfsemi skólaþjónustu á Íslandi síðastliðinn áratug. Þar hefur meðal annars komið fram að enn er verið að beita klínískum aðferðum umfram skólamiðaðar í þjónustu við nemendur (Helgi Gíslason og Anna Kristín Sigurðardóttir, 2016, bls. 60; Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2022, bls. 99) og samsvarar það niðurstöðum þessarar rannsóknar, þar sem ekki var unnið með neinum hætti að skólamiðaðri ráðgjöf við undirbúning fyrir komu barna flóttamanna. Fræðimenn hafa bent á að með skólamiðaðri ráðgjöf sé frekar verið að styrkja innviði skóla landsins. Slíkt er meðal annars gert með því að veita starfstengda ráðgjöf vegna starfshátta og starfsumhverfis og þannig er unnið að því að styrkja fagmennsku og kennsluhætti með fyrirbyggjandi aðferðum innan veggja skólans og þannig komið til móts við

fjölbreytilegan bakgrunn allra barna (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 4; Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2022, bls. 91; Rúnar Sigþórsson, 2013, bls. 210). Fræðimenn hafa sömuleiðis rætt um að til þess að styrkja innviði skóla þurfi skólaþjónusta sveitarfélagsins að vera leiðandi í menntamálum með skólamiðaða nálgun að leiðarljósi til þess að efla fagmennsku skólans í heild (Birna María Svanbjörnsdóttir o.fl., 2021, bls. 8).

Eitt af því sem vakti athygli við gagnasöfnun var að hvorugir rýnihóparnir virtust hafa fullan skilning á hver beri ábyrgð á upplýsingagjöf og fræðslu til starfsmanna leikskóla. Leikskólahópurinn gerði sér grein fyrir því að skólastjórinn ætti að bera einhverja ábyrgð en að sama skapi taldi hann að erfitt væri að ætlast til þess að hver leikskólastjóri viti hvert hann eigi að leita sér upplýsinga til þess að fræða starfsfólkið sitt. Komust þeir sem hópinn skipuðu einnig að þeirri niðurstöðu sín á milli að vegna þessa ætti skólaþjónustan að bera meiri ábyrgð á að miðla upplýsingum, fræðslu og ráðgjöf til skóla, en skólaþjónustunni ber að sinna þeim störfum samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008). Þrátt fyrir það hafði þessu ekki verið sinnt því, eins og fram kom í viðtali við skólaþjónustu sveitarfélagsins hafði hún enga aðkomu að undirbúningi fyrir komu barna flóttamanna inn í leikskóla sveitarfélagsins og má þess vegna segja að hún hafi ekki sinnt þeirri skyldu að veita skólamiðaða ráðgjöf sem lög um leikskóla (nr. 90/2008) og reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum (nr. 444/2019) kveða á um. Sigríður Margrét Sigurðardóttir og félagar (2022, bls. 18) fjalla jafnframt um það að skólaþjónustan ætti að sýna forystu í menntamálum í sveitarfélaginu, meðal annars með því að styðja við starfsemi skólans til þess að styrkja innviði hans. Án slíkrar forystu gæti skóli sem hefur lágt hlutfall af fagmenntuðu starfsfólki leikskóla orðið áttavilltur og ekki tekist að vinna skilvirkt að faglegu leikskólastarfi, þar sem öllum börnum

er mætt með jafnrétti á mannréttindagrundvelli. Út frá framantöldum atriðum má segja að skólaþjónusta sveitarfélagsins ætti að bera megin ábyrgð á upplýsingagjöf, fræðslu og ráðgjöf til starfsmanna leikskóla sveitarfélagsins þegar kemur að málefnum eins og börnum flóttamanna.

Út frá gögnum rannsóknarinnar má greinilega sjá að stuðningur við þessa starfsemi frá sveitarfélaginu hafi verið enginn til þeirra leikskóla sem hafa tekið á móti börnum flóttamanna. Niðurstöðurnar sýna fram á mikilvægi þess að veita skilvirka fræðslu um stöðu barna flóttamanna til leikskólastarfsmanna sveitarfélagsins áður en aðlögun þeirra hefst. Sömu niðurstöður má sjá í rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur (2019b, bls. 10–11) en hún komst að því að góður undirbúningur væri grundvallaratriði allra þeirra sem koma að móttöku barna flóttamanna inn í samfélagið og með það markmið að efla skilning þeirra á þeim aðstæðum sem börnin og fjölskyldur þess koma frá. Block og félagar (2014, bls. 14–15) benda sömuleiðis á mikilvægi þess að auka fræðslu og þekkingu kennara um málefni barna með flóttamannabakgrunn og ræða meðal annars um að slík fræðsla auki öryggi og sjálfstraust í starfinu til þess að sinna námslegum, félagslegum og tilfinningalegum þörfum nemenda. Viðmælandi í leikskólahópnum hafði orð á því, að með þekkingunni öðlist kennarar og starfsfólk leikskóla meira öryggi í starfi. Það er því ljóst að til þess að koma til móts við börnin og fjölskyldur þeirra, þurfa kennarar og starfsfólk leikskóla að fá góða fræðslu um stöðu þeirra. Þá höfðu viðmælendur í leikskólahópnum orð á því að með þá þekkingu sem þeir hafa nú í dag myndu þau nálgast aðlögun barns flóttamanns á allt annan hátt en áður var gert.

Það kom skýrt fram að viðmælendur í leikskólahópnum upplifðu sig illa undirbúna til þess að taka á móti börnum flóttamanna inn í leikskólasamfélagið, enda eins og fram hefur komið hér að framan, var engin ákveðin fræðsla gefin í flestum tilfellum áður en börn flóttamanna byrjuðu í

aðlögun í leikskóla hjá sveitarfélaginu. Aðeins einn viðmælandi man eftir fræðslunni sem átti sér stað fyrir mörgum árum. Það ætti því að endurskoða stefnu sveitarfélagsins í málaflokknum á nokkurra ára fresti og kom það jafnframt fram í viðtali við skólaþjónustuhópinn. En bent hefur verið á að í fjölmenningarlegu skólastarfi þurfi að endurskoða allt skólastarfið reglulega með tilliti til kennsluaðferða, námskrágerðar, námsefnis, stjórnunar og skólamenningar (Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir, 2010, bls. 27). Slík endurskoðun getur styrkt stefnu sveitarfélagsins í menntamálum, en fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að markviss stefna skiptir höfuðmáli í fjölmenningarlegu samfélagi, en til að takast á við þær áskoranir sem fylgja fjölmenningarlegri menntun þarf meðal annars að fylgja fjárhagsaðstoð, annars eiga einstakir skólar og starfsfólk þeirra á hættu að jaðarsetja ákveðna nemendahópa (Taylor og Sidhu, 2012, bls. 46). Því miður hafa fyrri rannsóknir (Helgi Gíslason og Anna Kristín Sigurðardóttir, 2016, bls. 60; Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2022, bls. 99; Rúnar Sigbórsson, 2013, bls. 220) sýnt fram á að enn sé síður tekið mark á kennslufræðilegu mati kennara á þörfum nemenda og frekar er stuðst við læknisfræðilegar greiningar þegar úthlutun fjármagns til skóla fer fram. Þar af leiðandi er síður litið til stöðu barna, barna sem falla mögulega ekki undir þann hatt að þurfa greiningu, en þurfa vegna sérstakrar stöðu sinnar meiri stuðning í námi sínu. Þá er ekki verið að horfa á hver réttur barnsins sé.

## 8.2 Samstarf milli skólaþjónustunnar og móttökuleikskóla

Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á mikilvægi þess að huga að góðu samstarfi milli skólaþjónustunnar og leikskóla sem er í raun grundvallaratriði fyrir skólastarfið í heild. Það kemur skýrt fram í lögum (nr. 91/2008) og reglugerð (nr. 444/2019) að hlutverk skólaþjónustunnar er fyrst og fremst að

veita skólum sveitarfélagsins stuðning við starfshætti innan skólans í formi ráðgjafar áður en gripið er til frekari aðgerða. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa jafnframt til kynna að því hafi ekki verið sinnt og kom það skýrt fram að ekkert samstarf hafi verið á milli leikskóla sem tekið hefur á móti barni flóttamanns og skólaþjónustunni, og staðfestu báðir rýnihópar það. Að auki kom í ljós að skólaþjónustan hefur ekki verið í beinum samskiptum við leikskóla sveitarfélagsins þegar börn flóttamanna hafa komið inn í leikskólasamfélagið, nema þegar um sérstakt frávík sé að ræða og ber það vott um klíníska nálgun þar sem horft er á vanda nemenda sem þarf að leysa með ákveðnu sérúrræði, greiningu og meðferð undir stjórn sérfræðinga (Rúnar Sigbórsson, 2013, bls. 200) í staðinn fyrir að grípa inn í með fyrirbyggjandi aðgerðum. Fram kom í máli þeirra sem skólaþjónustuhópin skipuðu að mestu samskiptin fari fram milli velferðarsviðs sveitarfélagsins og leikskóla sem taka á móti börnum flóttamanna, en viðmælendur í leikskólahópnum könnuðust ekki við þau samskipti. Út frá því má því spyrja hvort skólaþjónustan sé nógu vel vakandi fyrir þeim málefnum sem leikskólar sveitarfélagsins eru að takast á við þegar þeir sem þjónustuna veita eru ekki í beinum samskiptum við skólann í tilfellum þar sem skólaþjónustan á að veita skólum sveitarfélagsins ráðgjöf og stuðning við hæfi samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 91/2008).

Hlutverk kennara hefur breyst á síðastliðnum árum þar sem auknar kröfur eru gerðar til skólastarfsins og ábyrgð kennara því meiri nú en áður. Á sama tíma hefur börnum af erlendum uppruna fjölgað hratt og þar á meðal eru börn flóttamanna sem koma frá stríðshrjáðum löndum (Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir, 2016, bls. 158; Taylor og Sidhu, 2012, bls. 39). Ein stærsta áskorun skólastarfsins í dag er að veita öllum börnum jöfn tækifæri til náms en sú nálgun þarf að taka mið af fjölbreyttum bakgrunnspáttum samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (2011, bls. 20). Til þess að ná því markmiði sem

aðalnámskráin kveður á um þurfa kennarar og skólar virkan stuðning á vettvangi til þess að takast á við menntakerfið eins og það er í dag og til að styrkja faglega skólaumhverfið í anda skóla án aðgreiningar með hag barnanna að leiðarljósi (Ainscow og Miles, 2008, bls. 21) þar sem meiri áhersla er lögð á fjölmennunguna sem ríkir í nútíma samfélagi en áður var gert (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021, bls. 12; Hermína Gunnþórsdóttir, 2021, bls. 68; Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2019, bls. 114). Þá eru góð samskipti á milli leikskóla og skólaþjónustunnar grundvallaratriði en í þessari rannsókn kom í ljós skortur á stuðningi til að takast á við fjölmenningarlegar kröfur innan leikskóla sveitarfélagsins.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda sömuleiðis til skorts á verkferlum í kringum börn flóttamanna í sveitarfélaginu. Rætt var um að móttaka barna af erlendum uppruna ætti að vera til staðar í hverjum leikskóla fyrir sig, en þar er til dæmis ekki gert ráð fyrir stöðu barna flóttamanna með tilliti til mismunandi menningar,– trúar– og tilfinningalífs og vegna þeirrar lífsreynslu sem börnin hafa gengið í gegnum fyrir komu þeirra í leikskólann. Samkvæmt Helgu Guðmundsdóttur og félagi (2018, bls. 3) er mikilvægt að huga að sál– og félagslegri vellíðan. Þá má segja að móttaka barna af erlendum uppruna ein og sér nægi ekki til þess að undirbúa sig fyrir komu barna flóttamanna inn í leikskólann. Sveitarfélagið ætti því að hafa hjá sér fasta stefnu í þessum málefnum til þess að tryggja að hvert einasta barn sem kemur hingað með flóttamannabakgrunn fái notið góðrar menntunar sem má ekki verða háð metnaði einstakra kennara. Það er skólaþjónusta sveitarfélagsins sem ætti að taka að sér frumkvæði og eftirfylgni og sinna þannig því forystuhlutverki sem lög og reglugerðir kveða á um. Skólaþjónustan þarf að bregðast við kröfum leikskóla með fyrirbyggjandi stuðningi og æskilegri forystu (Sigríður Margrét Sigurðardóttir o.fl., 2022, bls. 18).



Rík þörf er á auknum stuðningi við skólastarfið svo það nái að viðhalda þeim kröfum sem gerðar eru til þess í dag. Því miður upplifa sumir kennarar sig týnda í starfinu og þá skortir öryggi til þess að takast á við fjölmennningarlegt skólastarf, sérstaklega þegar skortur er á stefnumótun. Án slíkrar markvissrar stefnu geta skólar átt í erfiðleikum með að hrinda hugsjónum um félagslegt réttlæti og jafnrétti í framkvæmd í hverjum skóla (Taylor og Sidhu, 2012, bls. 46). Ef stefnan er ekki markviss er hætta á að skólastarfið verði ekki markvisst.

Þegar vistkerfi menntunar er skoðað með tillit til stefnumótunar má sjá að ríkið ber ábyrgð á að marka menntastefnur fyrir öll skólastig landsins. Síðan er ábyrgð sveitarfélagsins að koma að framkvæmd á skipulagi í hverjum leik- og grunnskóla innan þess. Þar kemur meðal annars fram að sérþekking einstaklinga sem vinna í skólaþjónustunni ætti að aðstoða starfsfólk skóla við að mæta áskorunum í daglegu skólastarfi og síðan er greint frá því viðamikla hlutverki sem stjórnun skólans gegnir til að styðja við dagleg skólastarf (Edda Óskarsdóttir, o.fl., 2021, bls. 3 og 7). Menntakerfið og stefnur innan þess gera þó ekki endilega ráð fyrir fjölmennningarlegu skólastarfi og á þeim stöðum sem gerð er grein fyrir því skortir eftirfylgni með framgangi mála (Hanna Ragnarsdóttir, 2016, bls. 239). Það kom sömuleiðis fram í niðurstöðum þessarar rannsóknar og bent var á aukna þörf á eftirfylgni, en slíkt myndi eflaust styrkja vinnuna að fjölmennningarlegu skólastarfi þar sem í eftirfylgni fælist leiðsögn um það sem betur mætti fara.

Þegar kemur að menntamálum er augljóst að góð samvinna á milli stofnana er mikilvæg og lykilatriði að samræmd sé stefna um gildi einstaklinga, félagsleg réttlæti og jafnræði, til að tryggja gæðamenntun allra nemenda og virkja þá til þátttöku innan skólasamfélagsins (Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2016, bls. 28). Það má ekki bitna á nemendum að áhugasvið og fagmennska stakra kennara í leikskóla sé misjöfn, þar kemur mikilvægi

stefnumótunar fram. Í þessari rannsókn kom í ljós að skólastjórnendur verða oft ráðalausir og áttu í erfiðleikum við að styðja við kennara til þess að vera virkir á vettvangi og bregðast við ýmsum áskorunum. Samsvarar það til að mynda niðurstöðum rannsóknar Hermínu Gunnþórsdóttur og Hönnu Ragnarsdóttur (2020, bls. 114), en að auki kom þar meðal annars fram að kennarar þurfa svigrúm og stuðning til að bæta starfsþekkingu sína.

### 8.3 Upplifun starfsfólks leikskóla

Rætt hefur verið um skort á undirbúningi fyrir komu barna flóttamanna og skort á mikilvægu samstarfi við skólaþjónustu sveitarfélagsins í niðurstöðum þessarar rannsóknar. Viðmælendur leikskólahópsins töldu meðal annars að góður undirbúningur og fræðsla sé nauðsynleg fyrir komu barna flóttamanna og ætti sú fræðsla að koma frá skólaþjónustunni þar sem sveitarfélagið tekur ákvörðun um að taka á móti flóttamönnum og börnum þeirra og veita þeim búsetu og pláss í skólum sveitarfélagsins. Ábyrgðin, samkvæmt viðmælendum leikskólahópsins, ætti þar af leiðandi að liggja hjá sveitarfélaginu og skólaþjónustu þess, enda eiga þau að sinna ákveðnu forystuhlutverki er kemur að menntamálum og vera leiðtogar í faglegu lærdómssamfélagi með því að móta stefnur og aðgerðir innan skóla sveitarfélagsins (Sigríður Margrét Sigurðardóttir o.fl., 2022, bls. 15).

Viðmælendur í leikskólahópnum töluðu opinskátt um viljann til þess að bregðast rétt við innan námsrýmisins og höfðu þeir allir tilhneigingu til þess að vinna í anda skóla án aðgreiningar, með þá þekkingu sem hver og einn hafði. Svipaða upplifun má finna í samantekt Steingerðar Ólafsdóttur og félaga (2014, bls. 36), þar sem kom fram að flestir kennarar hafa áhuga og vilja til að vinna í anda menntastefnunnar, en upplifðu sig óörugga í starfi vegna skorts á þekkingu og stuðningi yfirvalda.

Leikskólahópurinn hafði orð á því að margt væri hægt að betrumbæta fyrir framtíðina. Móttökunni hafi verið ábótavant og ýtti til að mynda verulega undir álag sem var nú þegar mikið fyrir komu þessara barna, samkvæmt viðmælenda í leikskólahópnum. Samsvarar það að nokkru leyti því sem kom fram í rannsóknum Hermínu Gunnþórsdóttur (2021, bls. 68) og Eddu Óskarsdóttur og félagá (2021, bls. 12), en þar kom meðal annars fram að auknar áherslur á fjölbreytileikann í skólasterfi hafi breytt hlutverki kennarans og hafi til að mynda aukið álag innan námsrýmisins enn frekar þar sem réttur stuðningur hefur ekki verið til staðar. Niðurstöður rannsóknarinnar benda sömuleiðis til þess að skortur á verkferlum hafi orðið til þess að viðmælendur leikskólahóps upplifðu sig illa undirbúna.

Áhugaverð umræða myndaðist í rýnihópaviðtali við leikskólahópinn, en þar tjáði viðmælandi frá reynslu sinni af aðlögun barna flóttamanna. Sú reynslan gaf til kynna að engin formlegur hópatími hafi náðst fyrstu mánuðina á meðan barn flóttamanns var í aðlögun, en upplifun starfsmanns var sú að barn flóttamanns hafi upplifað mikið óöryggi fyrstu mánuðina og þurft meiri utanumhald vegna þessa. Samsvarar það niðurstöðum annarra rannsókna, en þar kemur fram að umrædd börn upplifi mörg hver mikið óöryggi fyrst um sinn (Hanna Ragnarsdóttir, 2019b, bls. 3; Helga Guðmundsdóttir o.fl., 2018, bls. 7 og 9). Að auki kom fram í niðurstöðum að á meðan á því stóð fengu hin börnin í hópnum aðeins grunnþörfum sínum mætt og því erfitt að ná að viðhalda formlegum örvandi og eflandi hópatímum. Sömuleiðis greindi leikskólahópurinn frá því að hann hafi upplifað töluvert viðbótarálag inni á deildinni sem og í skólanum vegna skorts á verkfærum til að takast á við þessar krefjandi aðstæður. Fyrri rannsóknir gefa til kynna að það taki börn flóttamanna lengri tíma að aðlagast nýju skólaumhverfi (Hanna Ragnarsdóttir, 2019a, bls. 150) og að auki taki það mislangan tíma þar sem mörg þeirra hafa

upplifað mikinn kvíða og hafa jafnvel áfallastreitu (Helga Guðmundsdóttir o.fl., 2018, bls. 7 og 9). Kom umræðan sömuleiðis inn á vöntun á verkferlum og stefnu í garð móttöku barna flóttamanna, sem rætt var um hér að framan. Það kemur því ekki á óvart að viðmælendur í leikskólahópnum hafi upplifað sig illa undirbúna til að takast á við slíkt verkefni eins og það að hlúa að barni flóttamanns.

Niðurstöður gáfu til kynna að viðmælendur leikskólahópsins töldu að það hefði verið hægt að koma í veg fyrir þetta hefði stöðuhlutfall verið aukið á deildinni í formi stuðnings, en til þess að það sé gert þarf skólajónusta sveitarfélagsins að samþykka það. Hér töluðu viðmælendur leikskólahópsins aðeins um tímabundna stöðu á meðan barnið væri að öðlast nægilegt öryggi. Þetta myndi skapað aukið svigrúm inni á deildinni, fyrir barn flóttamanns, starfsmenn, kennara og öll hin börnin á deildinni. Fyrri rannsóknir hafa gefið til kynna að með auknum stuðningi við börn flóttamanna í gegnum aðlögunartíma sé betur verið að koma til móts við námslegar, félagslegar og tilfinningalegar þarfir þeirra (Block o.fl., 2014, bls. 14–15) en ætti slíkur stuðningur ekki aðeins að koma þessu eina tiltekna barni til góða, heldur vera til staðar og hvetja öll börn til þátttöku í námi og leik með jafningjum sínum í leikskólastarfinu (Anna Magnea Hreinsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2019, bls. 14–15). Að sama skapi þarf að hlúa að menntakerfinu og vinna að því að koma í framtíðinni í veg fyrir stefnuleysið sem hér hefur verið nefnt. Aðeins þannig væri hægt að fyrirbyggja þessa tilteknu neikvæðu upplifun starfsmanna leikskóla og kennara sem taka á móti og vinna með börnum flóttamanna eins og birtast í niðurstöðum þessarar rannsóknar. Því þarf að finna skilvirkari leiðir og skapa heildrænt líkan sem tekur á námslegum, félagslegum og tilfinningalegum þörfum nemenda eins og Block og félagar (2014, bls.16) greina frá.

## 9 Samantekt og lokaorð

Í upphafi rannsóknarinnar var lagt upp með tvær rannsóknarspurningar sem sneru að því að skoða hvernig staðið hafi verið að undirbúningi komu barna flóttamanna inn í leikskóla hjá einu sveitarfélagi á Íslandi og hvernig samstarfi var háttað á milli skólaþjónustunnar og móttökuskóla. Sömuleiðis var leitast við að sjá hver upplifun starfsfólks leikskóla í sveitarfélaginu hafi verið af undirbúningi fyrir komu þessara barna og reynsla þeirra af aðlögun barnanna.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að mikill skortur sé á fræðslu og undirbúningi varðandi börn flóttamanna í þessu tiltekna sveitarfélagi. Einhver fræðsla átti sér stað fyrir allmörgum árum og töldu þátttakendur rannsóknarinnar að tími væri kominn til þess að endurskoða stefnu og áherslur sveitarfélagsins er varðar börn flóttafólks. Einnig gefa niðurstöður rannsóknarinnar vísbendingar um að skólaþjónusta sveitarfélagsins hafi ekki sinnt lagalegum skyldum sínum er varðar stuðning við starfsemi skóla til þess að styrkja innviði hans og þá kom fram að skortur væri á stuðningi frá skólaþjónustunni til að takast á við fjölmenningarlegar kröfur innan leikskóla sveitarfélagsins. Að sama skapi má sjá út frá niðurstöðu rannsóknarinnar að samskipti á milli þessara tveggja stofnanna hafi verið mjög takmörkuð fyrir komu barna flóttamanna og á meðan aðlögun barnanna að leikskólastarfinu átti sér stað.

Niðurstöðurnar varpa einnig ljósi á upplifun starfsfólks leikskóla af þessari sérstöðu innan leikskólasamfélagsins. Leikskólahópurinn talaði opinskátt um skort á stuðningi frá skólaþjónustunni í formi ráðgjafar og aukins tímabundins stöðuhlutfalls inni á deild á meðan aðlögun færir fram sem bendir til þess að

starfsfólk leikskóla hafi upplifað töluvert viðbótarálag. Rannsóknin stuðlar vonandi að auknum skilningi á þessari sérstöðu innan leikskólasamfélagsins, en leikskólar eru nú þegar undir miklu álagi og við bætist ákveðið álag ef leikskólarnir eru illa eða ekki undirbúnir undir það mikilvæga verkefni að taka á móti börnum flóttamanna.

Niðurstöðurnar benda til þess að mikilvægt sé að ráðist sé í stefnumótandi vinnu á vegum sveitarfélagsins er varðar börn flóttamanna til þess að geta búið leikskólana í heild undir það verkefni að taka á móti börnum flóttamanna í framtíðinni og þeir nái að sinna því verkefni þannig að sómi sé af.

## Heimildir

- Ainscow, M. (2005). Developing inclusive education systems: What are the levers for change?. *Journal of educational change*, 6, 109–124. <https://doi.org/10.1007/s10833-005-1298-4>
- Ainscow, M. og Miles, S. (2008). Making education for all inclusive: where next?. *Prospects*, 38(1), 15–34. <https://doi.org/10.1007/s11125-008-9055-0>
- Anna Magnea Hreinsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2019). Að tilheyra, taka þátt og læra í leikskóla margbreytileikans. Evrópuverkefni um menntun ungra barna án aðgreiningar. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2019.7>
- Armstrong, A. C., Armstrong, D. og Spandagou, I. (2010). *Inclusive education: International policy and practice*. Sage.
- Birna María Svanbjörnsdóttir, Sigríður Margrét Sigurðardóttir, Trausti Þorsteinsson, Hermína Gunnþórsdóttir og Jórunn Elísdóttir. (2021). Skólaþjónusta sveitarfélaga: Starfsþróun og skólar sem faglegar stofnanir. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 30(2), 3–27. <https://doi.org/10.24270/tuum.2021.30.5>
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2016). Skóli án aðgreiningar: Átakapólar, ráðandi straumar og stefnur innan rannsóknarsviðsins. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 67–94). Háskólaútgáfan.
- Block, K., Cross, S., Riggs, E. og Gibbs, L. (2014). Supporting schools to create an inclusive environment for refugee students.

*International journal of inclusive education*, 1–19.  
<http://dx.doi.org/10.1080/13603116.2014.899636>

Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative research in psychology*, 3(2), 77–101.  
<https://doi.10.1191/1478088706qp063oa>

Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Fjölmening og þróun skóla. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmening og skólastarf* (bls. 17–37). Háskólaútgáfan.

Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Birna M. Svanbjörnsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2021). Framkvæmd um stefnu um menntun fyrir alla á Íslandi: Viðhorf skólafólks og tillögur um aðgerðir. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.  
<https://doi.org/10.24270/netla.2021.7>

Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason. (2016). Þróun skóla margbreytileikans í kjölfar Salamanca-yfirlýsingarinnar. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 11–40). Háskólaútgáfan.

Hanna Ragnarsdóttir. (2016). Farsælt skólastarf með ungum innflytjendum: Niðurstöður norrænnar rannsóknar um velgengni nemenda af erlendum uppruna og skóla á fjórum Norðurlöndum. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 235–258). Háskólaútgáfan.

Hanna Ragnarsdóttir. (2019a). Menntun og þátttaka í nýju landi: Reynsla innflytjenda, flóttafólks og skóla. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 28(2), 145–159.  
<https://doi.org/10.24270/tuom.2019.28.7>



Hanna Ragnarsdóttir. (2019b). „Það er ekki til ein uppskrift“ Fyrsta ár flóttabarna í leikskólum í þremur sveitarfélögum á Íslandi. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.

<https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.36>

Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir. (2016). Aðgengi tví- og fjöltýngdra barna að menntun á Íslandi. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 157–184). Háskólaútgáfan.

Helga Guðmundsdóttir, Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir. (2018). „Allt sem ég þrái“: Menntun og skólaganga barna sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 27(1), 1–21. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2018.27.1>

Helga Jónsdóttir. (2021). Viðtöl í eiginlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 147–170). Háskólinn á Akureyri.

Helgi Gíslason og Anna Kristín Sigurðardóttir. (2016). Stefnur sveitarfélaga um skóla án aðgreiningar. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 41–66). Háskólaútgáfan.

Hermína Gunnþórsdóttir. (2021). The path towards inclusive education in Iceland. Í Hanssen, N. B., Hansén, S. E. og Ström, K. (ritstjórar), *Dialogues Between northern and eastern europe on the development of inclusion: Theoretical and practical perspectives* (bls. 66–82). Routledge.

Hermína Gunnþórsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2020). Challenges and opportunities in the education of students with immigrant

background in Iceland. *Education in the north*, 27(2), 106–117.  
<https://doi.org/10.26203/hc32-ab90>

Hermína Gunnþórsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2013). Additional workload or part of the job? Icelandic teachers' discourse on inclusive education. *International journal of inclusive education*, 18(6), 580–600.  
<http://doi.org/10.1080/13603116.2013.802027>

Hermína Gunnþórsdóttir, Rúnar Sigþórsson, Jórunn Elíadóttir, Birna María B. Svanbjörnsdóttir og Sigríður Margrét Sigurðardóttir. (2022). Skólabjónusta sveitarfélaga við nemendur og foreldra: Stefna, skipulag og inntak. *Íslenska þjóðfélagið*, 13(1), 83–106.  
[www.opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/3807/27\\_73\\_PB.pdf?sequence=1](http://www.opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/3807/27_73_PB.pdf?sequence=1)

Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2021). Úrtök og úrtaksaðferðir í eiginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 205–218). Háskólinn á Akureyri.

Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). Jafnrétti: Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir (ritstjórar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Leung, C. H. og Hue, M. T. (2017). Understanding and enhancing multicultural teaching in preschool. *Early child development and care*, 187(12), 2002–2014.  
<https://doi.org/10.1080/03004430.2016.1203308>

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

Lög um leikskóla nr. 90/2008

- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsingar nr. 90/2018
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021
- Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir. (2021). Réttmæti og áreiðanleiki í eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 219–236). Háskólinn á Akureyri.
- Menntamálaráðuneytið. (1995). *Salamanca- yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. [www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/salamanca.pdf](http://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/salamanca.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Höfundur.
- Reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019
- Rúnar Sigþórsson. (2013). Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstjórar), *Fagmennska í skólustarfi* (bls. 191–216). Háskólaútgáfan.
- Rúnar Sigþórsson, Birna María Svanbjörnsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Jórunn Elíadóttir, Sigríður Margrét Sigurðardóttir og Trausti Þorsteinsson. (2022). Skólaþjónusta sveitarfélaga í nútíð og framtíð: Viðfangsefni, starfshættir og skipulag. *Skólaþræðir: Tímarit samtaka áhugafólks um skólaþróun*. [www.skolathraedir.is/2022/05/31/skolathjonusta-sveitarfelaga-i-nutid-og-framtid-vidfangsefni-starfshaettir-og-skipulag/?print=pdf](http://www.skolathraedir.is/2022/05/31/skolathjonusta-sveitarfelaga-i-nutid-og-framtid-vidfangsefni-starfshaettir-og-skipulag/?print=pdf)
- Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri). (2021). *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði*. Háskólinn á Akureyri.

- Sigríður Margrét Sigurðardóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Börkur Hansen, Kjartan Ólafsson og Rúnar Sigþórsson. (2022). Educational leadership regarding municipal school support services in Iceland. *Educational management administration and leadership*, 1–21. <https://doi.org/10.1177/1741143222107625>
- Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir. (2019). Opinber stefna, skólakerfið og hlutverk kennara: Viðbragðsbúnaður skólans. *Stjórnsmál og stjórnslá*, 15(1), 113–134. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2019.15.1.6>
- Sóley Sesselja Bender. (2021). Rýnihóparannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 277–296). Háskólinn á Akureyri.
- Steingerður Ólafsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Dóra S. Bjarnason, Anna Kristín Sigurðardóttir og Kristín Erla Harðardóttir. (2014). *Skóli án aðgreiningar: Samantekt á lögum og fræðilegu efni*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Taylor, S. og Sidhu, R. K. (2012). Supporting refugee students in schools: what constitutes inclusive education? *International journal of inclusive education*, 16(1), 39–56. <http://dx.doi.org/10.1080/13603110903560085>

# Viðaukar

## Viðauki 1: Kynningarbréf um rannsóknina

Kynning á rannsókninni: Undirbúningur fyrir komu barna flóttamanna inn í leikskólasamfélagið.

Ábyrgðaraðili: Dr. Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Netfang: hermina@unak.is. Sími: 4608556

Ágæti viðtakandi.

Ég undirrituð, Júlía Ósk Bjarnadóttir, er leikskólakennaranemi í menntunarfræði til M.Ed prófs við Háskólann á Akureyri. Tilfni þessa bréfs er að kynna fyrir þér verkefni mitt og óska eftir þátttöku þinni í rannsókn sem snýr að undirbúningi undir komu barna flóttamanna inn í leikskóla sveitarfélagsins. Rannsóknin er hluti af 30 eininga meistaraaritgerð minni, en tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvernig staðið hefur verið að undirbúningi komu barna flóttamanna inn í leikskóla sveitarfélagsins. Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í hvernig undirbúningi og samstarfi skólaláttamanna sveitarfélagsins við móttökuskóla hefur verið háttað í sveitarfélaginu. Einnig að fá innsýn í upplifun starfsfólks leikskóla sem hefur tekið á móti barni eða börnum flóttamanna inn í leikskólasamfélagið. Niðurstöðurnar munu vonandi nýtast leikskólum og sveitarfélögum við að skipuleggja komu barna flóttamanna í leikskóla.

Ég hef ákveðið að taka tvö rýnihópaviðtöl, annars vegar við starfsfólk skólabjónustu sveitarfélagsins og hins vegar við starfsfólk leikskóla innan þess sveitarfélags sem hefur að minnsta kosti lengri en sex mánaða reynslu af starfi með börnum flóttamanna. Staðsetning viðtalsins verður ákveðin í samráði við hvorn rýnihóp. Eitt viðtal verður tekið við hvorn rýnihóp (ca. 60 mínútur). Viðtölin verða hljóðrituð, afrituð orðrétt og eytt að lokinni úrvinnslu. Við úrvinnslu gagna verður unnið í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (nr. 90/2018). Niðurstöður rannsóknarinnar verða gerðar ópersónugreinanlegar og því verður ekki hægt að rekja þær til einstakra viðmælenda. Spurningar hafa verið samdar af mér og miða að rannsóknarsviðinu og rannsóknarefninu, en það er skóli án aðgreiningar og börn flóttamanna. Þar sem þú hefur bæði þekkingu og reynslu af viðfangsefni rannsóknarinnar, óska ég hér með eftir þátttöku þinni í rýnihópaviðtal. Þátttaka í rannsókninni er að sjálfsögðu hverjum og einum frjáls og má hætta við þátttöku án fyrirvara. Einnig ber þátttakendum ekki skylda til að svara einstökum spurningum.

Virðingarfyllt,

Júlía Ósk Bjarnadóttir

ha160148@unak.is

Sími: 8468750

## Viðauki 2: Viðtalsrammi

- Þátttakendur eru boðnir velkomnir og höfundur kynnir sig fyrir þeim.
- Útskýrður er tilgangur og markmið rannsóknarinnar og farið yfir framkvæmd og tímalengd.
- Útskýrt að þátttakendur þurfi ekki að svara einstökum spurningum. Að unnið verði eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (nr. 90/2018). Jafnframt að þagnarskylda og nafnleynd sé lofað og því verði ekki hægt að rekja til einstakra viðmælenda við gagnagreiningu og í niðurstöðum.
- Útskýrt að notaður verði farsími til að hljóðrita viðtalið, en upptöku verði eytt að lokinni úrvinnslu viðtalsins.
- Greint verður frá mikilvægi þess að einn viðmælandi tali í einu og þess gætt að halda sig við rannsóknarsviðið og rannsóknarefnið: Skóli án aðgreiningar og börn flóttamanna.
- Þátttakendur beðnir um að kynna sig með nafni og starfsstöðu, en útskýrt að það komi hvergi fram við úrvinnslu gagna eða í niðurstöðum.

### Spurningarammi

- Sjá viðauka 3 og 4.

### Samantekt

- Meginatriðin tekin saman.
- Athugað hvort einhver viðmælandi vilji bæta einhverju við.
- Þakka öllum viðmælendum fyrir þátttökuna.
- Skrá niður þætti sem höfundur þótti athyglisverðir.

## Viðauki 3: Spurningarammi fyrir rýnihóp starfsmanna í leikskóla

Upphafsinlegg:

Mig langar að biðja ykkur um að segja mér frá ykkar reynslu af undirbúningi fyrir komu barns/barna flóttamanna og hvernig honum hefur verið háttað inni í ykkar leikskóla. Sömuleiðis bið ég ykkur að segja mér hver ykkar upplifun af samstarfi við skólabjónustuna var í gegnum undirbúningsferlið, aðlögunina og síðan vikurnar/mánuðina á eftir.

Undirbúningur:

- Hvaða þátta er horft til þegar undirbúningur er skipulagður fyrir komu barns/barna flóttamanna í skólasamfélagið?
- Var einhver fræðsla sem þið fenguð sem ákveðinn undirbúningur áður en barnið/börnin komu í leikskólann?

Skóli án aðgreiningar:

- Hvernig var tekið tillit til barn/barna flóttamanna í gegnum aðlögunarferlið og vikurnar/mánuðina á eftir?
  - Tilfinningalega
  - Félagslega
- Var veittur stuðningur til að koma til móts við þarfir barnsins/barnanna á meðan aðlögun átti sér stað og fyrstu vikurnar/mánuðina eftir á?
  - Ef ekki: Hvernig var unnið að því að koma til móts við þarfir barnsins?

Barn/börn flóttamanna:

- Hver er reynsla ykkar sem kennarar/starfsmenn af vinnu með barni/börnum flóttamanna?



- Var ykkur boðin einhver fræðsla um málefni barn/barna flóttamanna áður en það/þau kom/u í skólann?

#### Móttaka og aðlögun:

- Hvernig var aðlögunarferlið skipulagt?
- Hvernig er tekið á móti barni/börnum flóttamanna inn í leikskólann og hvernig reyndist aðlögunarferlið?
  - Er það í líkingu við aðlögun annarra barna sem koma frá sveitarfélaginu?

#### Skólaþjónusta sveitarfélaga:

- Var veittur einhver stuðningur frá skólaþjónustu sveitarfélagsins?
  - Ef svo: Hvernig var þeim stuðningi háttað?
- Var skipulagt aukið fjármagn til ykkar þegar ljóst var að þið væruð að taka á móti barni/börnum flóttamanna?
- Hvernig voru samskiptin við skólaþjónustuna meðan á aðlögun stóð og vikurnar/mánuðina á eftir?
  - Leituðu þið eftir aðstoð/fræðslu frá þeim?

## Viðauki 4: Spurningarammi fyrir rýnihóp starfsmanna skólaþjónustu sveitarfélagsins

Upphafsinnglegg:

Mig langar að biðja ykkur um að segja mér frá ykkar reynslu af því hvernig undirbúningi fyrir komu barns/barna flóttamanna hefur verið háttað í skólakerfi sveitarfélagsins. Sömuleiðis hver ykkar upplifun hafi verið af samstarfi við leikskóla í gegnum undirbúningsferlið meðan á aðlögun stóð og vikurnar/mánuðina á eftir.

Undirbúningur:

- Hvaða þátta er horft til þegar undirbúningur er skipulagður fyrir komu barns/barna flóttamanna í skólasamfélagið?
- Er einhver fræðsla sem þið skipuleggið/veitið leikskólum, sem ákveðinn undirbúningur áður en barnið/börnin koma í leikskólann?

Skóli án aðgreiningar:

- Hvernig er tekið tillit til barns/barna flóttamanna í gegnum aðlögunarferlið og vikurnar/mánuðina eftir á?
  - Tilfinningalega
  - Félagslega
- Er skipulagður sérstakur stuðningur til að koma til móts við þarfir barnsins/barnanna á meðan aðlögun á sér stað og fyrstu vikurnar/mánuðina eftir á?
  - Ef ekki: Hvernig er unnið að því að koma til móts við þarfir barnsins/barnanna?

Barn/börn flóttamanna:

- Hver er ykkar þekking sem starfsmenn skólaþjónustunnar á vinnu með barni/börnum flóttamanna?
- Er boðið upp á fræðslu um málefni barns/barna flóttamanna hjá sveitarfélaginu?

#### Móttaka og aðlögun:

- Hvernig er móttakan fyrir komu barn/barna flóttamanna skipulögð?
- Er móttakan skipulögð í samstarfi við leikskólann sem tekur á móti barni/börnum flóttamanna?
  - Er það í líkingu við móttöku/aðlögun annarra barna sem koma frá sveitarfélaginu?

#### Skólaþjónusta sveitarfélaga:

- Er einhver stuðningur veittur frá skólaþjónustu sveitarfélagsins?
  - Ef svo: Hvernig er þeim stuðningi háttað?
- Er skipulagt aukið fjármagn til leikskóla, þegar ljóst er hvaða leikskóli sé að taka á móti barni/börnum flóttamanna?
- Hvernig eru samskiptin við leikskólann meðan á aðlögun stendur og vikurnar/mánuðina á eftir?
  - Er boðið upp á aðstoð/fræðslu til starfsmanna leikskólans?

## Viðauki 5: Upplýst samþykki vegna rannsóknarinnar: Undirbúningur fyrir komu barna flóttamanna inn í leikskólasamfélagið

Júlía Ósk Bjarnadóttir, meistaranemi í menntunarfræði við Háskólann á Akureyri, stendur að rannsókn um aðkomu og undirbúning barna flóttamanna inn í leikskóla. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvernig staðið hefur verið að undirbúningi komu barna flóttamanna inn í leikskóla sveitarfélagsins. Markmið rannsóknarinnar er meðal annars að fá innsýn í hvernig undirbúningi og samstarfi skólabjónustu sveitarfélagsins við leikskóla hefur verið háttað í sveitarfélaginu, einnig að fá innsýn í upplifun starfsfólks leikskóla sem hefur tekið á móti barni eða börnum flóttamanna inn í leikskólasamfélagið. Rannsóknin verður unnin á skólaárinu 2023 til 2024 og verða niðurstöður birtar í meistaraþrófsverkefni í maí 2024. Leiðbeinandi verkefnisins er Dr. Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor við Kennaradeild Háskólans á Akureyri.

Mér hefur verið kynnt ofangreind rannsókn, rannsóknarsviðið og rannsóknarefnið og er ljóst hvert markmið rannsóknarinnar er. Þátttaka mín felur í sér að tekið verður við mig rýnihópaviðtal með öðrum þátttakendum sem tekur um það bil klukkustund. Viðtalið verður hljóðritað, afritað orðrétt og eytt við lok úrvinnslu. Við úrvinnslu gagna verður unnið í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (nr. 90/2018) og verða niðurstöður rannsóknarinnar ópersónugreinanlegar.

Með undirskrift minni gef ég samþykki fyrir því að taka þátt í rannsókninni. Mér er ljóst hvað felst í þátttökunni ásamt rétti mínum til að hætta við þátttöku eða sleppa því að svara einstökum spurningum.

Ég undirrituð/undirritaður lýsi hér með yfir að ég samþykki að taka þátt í rannsókninni sem um ræðir.

Dagsetning: \_\_\_\_\_

---

Undirskrift þátttakenda

Undirskrift rannsakanda